GUÐRÚN PÉTURSDÓTTIR

Finnst best að vera í sólstólnum á sumrin

• heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

HÍBÝLI - SVEFNHERBERGI

Fleiri fá sér fataherbergi

Sérblað um svefnherbergi

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FASTEIGNIR

Garðurinn sérhannaður

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. júní 2008 — 155. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Glefsur af því sem gerðist

Sverrir Ólafsson ritaði sögu IBM eftir 43 ára starf.

TÍMAMÓT 16

101 Ísland

Páll Ásgeir Ásgeirsson velur 101 áhugaverðan áfangastað á Íslandi í nýrri leiðsögubók.

FÓLK 20

Helgi gerir hestaplötu

Helgi Björnsson syngur gömul hestalög og hestavísur á nýrri sólóplötu sinni.

FÓLK 22

Öruggt hjá Þjóðverjum

Þjóðverjar unnu öruggan sigur á Evrópumótinu í fótbolta í gær.

ÍÞRÓTTIR 24

VEÐRIÐ Í DAG



NORÐAUSTLÆG ÁTT um allt land, bjartviðri sunnantil en skýjað og súldarloft fyrir norðan. Hiti á bilinu 12-15 stig sunnantil, en 8-12 stig fyrir norðan, búast má við síðdegisskúrum inn til landsins suðvestantil.

VEÐUR 4

Íslensk stjórnvöld hafna skaðabótum

Sjávarútvegsráðherra hafnaði kröfu mannréttindanefndar SÞ um skaðabætur til tveggja sjómanna. Endurskoðun á kvótakerfinu boðuð á kjörtímabilinu.

SJÁVARÚTVEGUR Stjórnvöld hafna kröfu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um að greiða tveimur íslenskum sjómönnum bætur. Vísað er í gagnstæðan úrskurð Hæstaréttar og því eigi kröfur um skaðabætur ekki stoð í landsrétti. Þá er því hafnað að íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu verði umbylt í einu vetfangi, en breytingar á því boðaðar. Svar til nefndarinnar fór í póst um helgina.

Nefndin hafði úrskurðað að íslenskum stjórnvöldum bæri að endurskoða fiskveiðistjórnunarkerfið og greiða tveimur sjómönnum bætur fyrir að njóta ekki jafnræðis við kvótaúthlutun. Nefndin er alþjóðleg stofnun og Ísland hefur skuldbundið sig til að hlíta úrskurðum hennar.

Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir að hann sé þess fullviss að nefndin fallist á útskýringar íslenskra stjórnvalda. „Það er ekki hægt að búast við því að á sex mánuðum komum við fram með fullmótaðar hugmyndir um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfi sem hefur verið við lýði í um aldarfjórðung," segir Einar.

Hann segir að í svarinu hafi verið vísað í stjórnarsáttmála þar sem segir að gerð verði sérstök athugun á reynslunni af aflamarkskerfinu og áhrifum þess á þróun byggða. Sú athugun fari í gang á næstu vikum og verði lokið á kjörtímabilinu.

„Ég vil hafa áhrif á það hvernig fiskveiðistjórnunarkerfið mun líta út til framtíðar og tel mikilvægt að á því verði ekki kollsteypa, heldur verði því leyft að þróast. Ég mun því beita mér fyrir því að þeirri vinnu verði lokið á kjörtímabilinu."

Einar segir ítarlega lögfræðilega greinargerð hafa fylgt svarinu og sé það til marks um hve alvarlega íslensk stjórnvöld hafi tekið málið.

„Ég átti náið samráð við forystumenn stjórnarflokkanna og við þrjú vorum sammála um það álit sem ég sendi mannréttindanefndinni," segir Einar. - kóp

ÓSÁTTUR Heimir Guðjónsson þjálfari FH var ósáttur við rauða spjaldið sem Davíð Þór Viðarsson fékk og lét Þórodd Hjaltalín dómara heyra það. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Átök á Íslandsmóti í fótbolta:

Átta rauð spjöld

FÓTBOLTI Óhætt er að segja að kappið hafi ekki verið með forsjá á Íslandsmótinu í knattspyrnu í gær. Sex rauð spjöld fóru á loft í leikjunum fimm og að auki fengu þjálfari og framkvæmdastjóri Grindavíkur rautt spjald að leik loknum.

Stefán Þór Þórðarson ÍA var einn þeirra sem fékk að líta rauða spjaldið. Þetta var fyrsti leikur hans eftir eins leiks bann sem hann fékk vegna rauðs spjalds. Guðjón Þórðarson gat ekki stýrt ÍA-liðinu í gær þar sem hann var í leikbanni. - kóp/sjá síður 25 - 27

Í ÁRBÆJARSAFNINU Handverksdagur Heimilisiðnaðarfélagsins var í gær. Af því tilefni voru opnaðar sýningar á faldbúningum og íslenskri tóvinnu í Árbæjarsafninu í gær. Þær Birta Gunnarsdóttir og Freyja Björgvinsdóttir voru þjóðlega klæddar í safninu og virtust kunna vel við sig í búningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árni Páll Árnason:

Undrast orð Sigurðar Kára

STJÓRNMÁL Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingar, undrast ummæli Sigurðar Kára Kristjánssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks, sem telur óeðlilegt að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra skuli hafa tjáð sig um niðurstöðu Hæstaréttar í Baugsmálinu með yfirlýsingu.

Þetta kemur fram í grein Árna Páls í Fréttablaðinu í dag. Segir hann þau rök Sigurðar Kára að utanríkisráðherra eigi ekki að tjá sig um einstakt dómsmál vera fráleit. „Þetta er auðvitað fráleit staðhæfing og sýnir mikinn á misskilning á hlutverki stjórnmálamanna," segir Árni Páll.

Hann veltir því fyrir sér hvað Sigurður Kári óttist í máli Ingibjargar Sólrúnar. „Er það sú setning að stjórnvöld eigi að draga lærdóm af þessari útkomu?" spyr hann. - jse

Flóttamönnum í heiminum fjölgaði í fyrra í fyrsta skipti í fimm ár:

Flóttafólki fjölgaði eftir Íraksstríðið

FLÓTTAMENN Flóttafólki fjölgaði umtalsvert á heimsvísu í fyrra og var það viðsnúningur á þróun síðustu fimm ára þar á undan. Íraksstríðið er helsti orsakavaldurinn og nú eru rúmlega 14 milljónir flóttamanna á vergangi víða um heim.

Þeir sem flæmdir hafa verið af heimaslóðum, en teljast ekki flóttamenn, voru 24,5 milljónir í fyrra. Frá því að Bandaríkjamenn og Bretar, með stuðningi ýmissa þjóða, þar með talið Íslendinga, réðust inn í Írak hefur ein og hálf milljón Íraka leitað hælis í öðrum löndum. Flestir eru þeir í nágrannalöndunum, Sýrlandi og Jórdaníu.

Flestir flóttamenn dvelja í Pakistan, rúmlega ein milljón, tæp milljón er í Íran og um 800 þúsund í Bandaríkjunum. Hvert Norðurlandanna tekur á móti svokölluðum kvótaflóttamönnum, en það eru þeir sem verða að flýja til þriðja lands. Svíar taka við flestum, 1.800 á ári, Norðmenn taka við um 1.000 flóttamönnum, Finnar 750 og Danir 500. Íslensk stjórnvöld hafa sett sér þá stefnu að taka við 25 til 30 flóttamönnum árlega.

- kóp/sjá síðu 10

Kafbátur mánaðarins
Grænmetissæla
SUBWAY
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósum
6 tommu bátur
329 kr.
SUBWAY í fínu formi
Gildir í júní 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli

Fjórar saman
Nýjar umbúðir

SPURNING DAGSINS

Bubbi negldirðu þetta?

„Já, með einum!“

Bubbi Morthens hélt útgáfutónleika í Borgarleikhúsinu á föstudag. Þar lék hann, ásamt hljómsveitinni Stríði og friði, lög af nýrri plötu sinni sem heitir Fjórir naglar.

Ólafur F. Magnússon um oddvitaskipti Sjálfstæðisflokks:

Vonast til að umræðan breytist

BORGARMÁL „Mér líst prýðilega á þessi oddvitaskipti enda eru þau gerð í fullu samráði meirihlutaflokkanna,“ segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri um oddvitaskipti í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokks.

„Þetta breytir engu um þann málefnasamning sem við störfum eftir,“ segir hann. „Ég er búinn að tala við Hönnu Birnu og við erum ákveðin í að vinna þétt og vel saman til að framfylgja honum.“

Hann segist einnig vonast til þess að þessi umskipti þýði nokkur vatnaskil hjá meirihlutanum. „Við höfum viljað látað verkin tala en það virðist ekki vera nóg heldur verðum við einnig að tala um verkin svo fólk sjái hvað okkur hefur áunnist. Vonandi gefst nú tækifæri til að tala meira um málefni en ekki persónur. Umræðan hefur verið þannig að það hefur verið erfitt að koma málefnunum að.“

Hann segir að þó sumir hafi talið hættu á að oddvitaskipti eftir svo stuttan tíma nýs meirihluta gætu reynst óheppileg sjái hann engin teikn á lofti um að svo sé. Hann segir ennfremur ekki telja að skiptin muni veikja stöðu sína.

- jse

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON Borgarstjóri vonast til að nú eftir oddvitaskipti gefist meirihlutanum tækifæri til að tala um málefni sem hafa verið í skugganum í umræðu um menn, segir hann.

Óskar Bergsson:

Áhætta hjá Hönnu Birnu

BORGARMÁL „Þetta er ágætisvarnaraðgerð,“ segir Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokks. „En reyndar er þetta gífurleg áhætta sem Hanna Birna leggur út í því bæði er þetta ósamstíga flokkur sem hún þarf að stýra og svo er meirihlutinn veikur og ef hún nær ekki að snúa málum til betri vegar þannig að borgarbúar fái tiltrú á þennan meirihluta þá tel ég að það fari að hitna undir henni fyrr en menn myndu ætla. Svo get ég trúað því að þeir sem hafi verið nefndir sem hugsanleg borgarstjóraefni í Sjálfstæðisflokknum séu afar ósattir við þessi tíðindi.“

-jse

Lést af völdum rafbyssu:

Framleiðandi rafbyssu sekur

BANDARÍKIN, AP Fyrirtækið Taser International var á dögunum dæmt til að greiða sex milljónir dollara í skaðabætur. Málið var höfðað gegn fyrirtækinu í kjölfar dauða manns í Los Angeles, en hann lést eftir að lögreglan hafði skotið hann allt að þrjátíu sinnum með rafbyssum.

Maðurinn var virkur amfetamínneytandi og bar þess merki, til að mynda hafði hjarta hans stækkað.

Nokkur þrýstingur hefur verið á hérlendis að lögreglan fái rafbyssur til umráða. Fyrirtækið sem framleiðir rafbyssurnar var sakfellt fyrir að taka ekki fram að þær væru hættulegar.

- kóp

Umferðarslys á Sæbraut:

Bifhjólamaður slasaðist mikið

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri er mikið slasaður en ekki í lífshætta eftir umferðarslys í gær. Slysið varð á Sæbraut um miðjan dag í gær. Bíll og bifhjól, sem bæði óku í vesturátt, rákust saman með þeim afleiðingum að ökumaður bifhjólsins féll af hjólinu og rann eftir götunni.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lýst eftir vitnum að slysinu. Þeir sem kunna að hafa orðið vitni að slysinu eru beðnir um að hafa samband við lögregluna í síma 444-1000.

- þeb

LÖGREGLUMÁL

Mundi ekki eftir ökuferðinni

Lögreglan á Akureyri handtók mann á aðfaranótt sunnudags. Maðurinn var grunaður um ölvun við akstur eftir að hann hafði ekið bíl sínum út af Svalbarðsstrandarvegi. Lögregla handtók hann í leigubíl skömmu síðar, en þá mundi hann ekki eftir að hafa ekið bílnum.

Heróínmarkaður að myndast hér á landi

Sprautufíklar sem rætt var við í nýrri rannsókn segja markað fyrir heróíni að byrja að myndast hér á landi. Heróínsendingar hafa komið hingað. Jafnframt kemur fram að fleiri virðast hafa sprautað sig með heróíni en áður var talið.

HEILBRIGÐISMÁL Niðurstöður nýrrar rannsóknar greina frá því að hér á landi hafa sprautufíklar tekið á móti sendingum af heróíni. Rannsakendur lögðu spurningalista fyrir 69 sprautufíkla en af þeim höfðu rúmlega þrjátíu prósent notað heróín. Viðtöl við fíkla leiddu einnig í ljós að þeir töldu heróínmarkað þegar byrjaðan að myndast hér á landi. Jafnvel sögðu þeir óumflýjanlegt að sá markaður næði festu.

„Niðurstöður rannsóknar okkar benda til þess að fleiri íslenskir sprautufíklar hafi sprautað sig með heróíni en áður hefur verið talið,“ segir Jóna Sigríður Gunnarsdóttir en hún vann að rannsókninni ásamt Rúnu Guðmundsdóttur og var rannsóknin lokaverkefni þeirra í hjúkrunarfræði. Fyrir hana hlutu þær hæstu mögulegu einkunn. Jóna bendir þó á að við rannsóknina hafi hvorki verið spurt hve oft fólkið hafði sprautað sig með heróíni né hvar það var statt á þeim tíma. Hún telur þessar upplýsingar kalla á nánari skoðun á vímuefnaneyslu sprautufíkla á Íslandi.

KARL STEINAR VALSSON

VALGERÐUR RÚNARSDÓTTIR

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að magnið sem lögreglan hafi lagt hald á af heróíni hér á landi hingað til hafi verið lítið. „Við megum búa okkur undir það að heróínmarkaður skapist hér innan tíðar. Ég held að það sé ekki spurning um hvort það verður heldur hvenær,“ segir Karl Steinar.

Samkvæmt upplýsingum á Vogi er nú talið að virkir sprautufíklar hér á landi séu 700 talsins og að árlega bætist um 70 til 110 í þann hóp. Sprautufíklar eru mun veikari, bæði andlega og líkamlega, en aðrir vímumefnafíklar og afbrot meðal þeirra, sjúkrahúsinnlagnir og dauðsföll tíð. Samhliða þessu er kostnaður samfélagisns vegna þeirra mikill. Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir SÁÁ, segir að það sé ljóst að nái heróín að festa sig í sessi muni það auka mjög á vandann eða eins og segir í síðustu ársskýrslu SÁÁ: „Allir sérfróðir eru sammála um að ástandið mundi versna um allan helming ef heróínfíklar yrðu til á Íslandi.“

karen@frettabladid.is

HERÓÍN Á LEIÐINNI Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, telur spurninguna ekki snúast um það hvort markaður fyrir heróín verði til hér á landi heldur hvenær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

> Við megum búa okkur undir það að heróínmarkaður skapist hér innan tíðar
>
> **KARL STEINAR VALSSON**
> YFIRMAÐUR FÍKNIEFNADEILDAR LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Svandís Svavarsdóttir:

Erfiður hópur að taka við

BORGARMÁL „Þetta er mjög krefjandi verkefni sem Hanna Birna hefur fengið því þetta er mjög sundurleitur hópur og hefur verið um margra mánaða skeið,“ segir Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

„Ég óska henni náttúrlega alls góðs en við verðum svo að bíða og sjá hvernig henni tekst til með þetta vandasama verkefni. Vissulega er hún röggsamur og kraftmikill stjórnmálamaður, það hefur hún sýnt. En samt sem áður tel ég ekki heiglum hent að taka við þessum hópi.“

- jse

Dagur B. Eggertsson:

Hanna fær vanda í fangið

BORGARMÁL „Mér líst ágætlega á þessi skipti en ég tel í raun merkilegt hvað þau tóku langan tíma,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar. „Og ég tel að það sé vegna þess hve Sjálfstæðisflokkurinn er sundraður hópur og mikil átök þar innanborðs.

DAGUR B. EGGERTSSON

Ég óska Hönnu Birnu til hamingju og óska henni alls hins besta en þessi meirihluti sem hún fær í fangið er ekki síðra vandamál en ástandið í flokknum og því miður tel ég að þetta leysi engan vanda þar. Sá vandi leysist ekki fyrr en nýr meirihluti tekur við.“

- jse

STIGAR OG HANDRIÐ ÚR GLERI OG STÁLI

ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP Upplýsingar á www.atlantskaup.is

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700

Sjö eru látnir og tíu særðir eftir hnífaárás ungs manns í Japan:

Vildi drepa ókunnugt fólk

JAPAN, AP Að minnsta kosti sjö létust og tíu til viðbótar særðust þegar maður gekk berserksgang með hníf í borginni Tókýó í Japan í gær.

Maðurinn, sem er 25 ára gamall, ók bíl sínum á vegfarendur í Tókýó og fór því næst út úr honum og stakk fólkið sem hann hafði keyrt á. Því næst hóf hann að stinga aðra vegfarendur. Alls stakk hann 17 manns á þremur mínútum. Lögregla yfirbugaði svo manninn á meðan reynt var að bjarga lífi þeirra sem hann hafði stungið. Staðfest hefur verið að sjö hafi látið lífið, sex karlmenn og ein kona. Ekki hefur verið greint frá því hvort fólkið hafi látist eftir hnífstungurnar eða áreksturinn.

Árásin átti sér stað í Akihabara-hverfinu í Tókýó, sem er mjög vinsælt verslunarhverfi. Að sögn lögreglu sagðist maðurinn hafa komið til Akihabara til þess að drepa ókunnugt fólk. Hann væri þreyttur á lífinu og leiður á öllu. Að öðru leyti gat hann engar skýringar gefið á árásinni. Upphaflega hafði verið talið að maðurinn tilheyrði glæpasamtökunum Yakuza, en að sögn fréttastofunnar NHK í Japan reyndist svo ekki vera.

Nákvæmlega sjö ár eru liðin frá annarri stórri hnífaárás í Japan, þegar maður ruddist inn í barnaskóla og drap átta börn. Hnífaárásum hefur farið fjölgandi í Japan undanfarin ár.

- þeb

HANDTEKINN Lögreglumenn handtóku hinn 25 ára gamla Tomohiro Kato í gær eftir að hann hafði gengið berserksgang og stungið 17 manns, þar af 7 til bana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Farðu nýjar leiðir í sumar!

Skiptu yfir til Nova og fáðu þér brakandi nýjan farsíma fyrir sumarblíðuna. Öllum símatilboðum Nova fylgir 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði!

2.000 kr.
notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir öllum símatilboðum hjá Nova!

Nokia 6120

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Samsung U700

útborgun

4.900 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 28.900 kr.

DAGUR & STEINI

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

NOVA

Greiðslumáti: Mánaðarleg 2.000 kr. afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkorti. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán. Fullt verð - þá þarf ekki kreditkort.

GENGIÐ 06.06.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	75,72	76,08
Sterlingspund	148,13	148,85
Evra	118,03	118,69
Dönsk króna	15,822	15,914
Norsk króna	14,86	14,948
Sænsk króna	12,647	12,721
Japanskt jen	0,7129	0,7171
SDR	122,69	123,43

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 152,0602

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jón Daníelsson, prófessor við LSE, um peningamálastefnu Seðlabankans:

Verðbólgumarkmið virkar ekki

EFNAHAGSMÁL „Hið fyrsta sem Seðlabankinn ætti að gera er að hætta við verðbólgumarkmiðið, lækka vexti og taka skellinn. Það er skellur á leiðinni, því lengur sem þú bíður með að taka hann því verra verður að bregðast við," segir Jón Daníelsson, prófessor við London School of Economics.

Jón segir það vandamálið við verðbólgumarkmið að fjármálamarkaðurinn bregst þveröfugt við vaxtabreytingum miðað við það sem Seðlabankinn vill að hann geri. Vaxtahækkun laði að erlent fjármagn, hvetji til erlendrar lántöku og hafi pensluhvetjandi áhrif í stað þess að draga úr efnahagsstarfssemi segir Jón.

Hann segir einnig að það sendi röng skilaboð til umheimsins að taka stórt erlent lán. Jón bendir á að erlendir aðilar séu líklegir til að túlka lántöku sem neyðarráðstöfun og merki um óstöðugleika og breyti í raun markmiði bankans í gengismarkmið.

Þórarinn Pétursson, hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands, telur að það sé ekki nægilegt að segja að verðbólgumarkmiðið sé ekki rétta lausnin heldur verði að koma fram með lausnir á vandamálinu. Hann segir það skelfilega hugmynd að lækka vexti og leyfa

SEGIR LÁNTÖKU ÓRÁÐ Jón Daníelsson, prófessor við LSE, fjallaði um Seðlabanka Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

genginu að gossa því þá fari verðbólga á skrið sem hafi miklar afleiðingar í ljósi viðtekinnar notkunar á verðtryggingu. -bþa

Þakklæti eftir skjálftana:

Mannbjörg fær 500 þúsund

SVEITARSTJÓRNIR Björgunarsveitin Mannbjörg fær hálfa milljóna króna í styrk frá bæjarstjórn Ölfuss vegna framlags síns í hjálparstarfinu eftir jarðskjálftana á dögunum.

„Bæjarráð telur að öflug sveit eins og Mannbjörg sé lykilatriði í að aðstoða fólk í nauðum og starf hennar sé ómetanlegt fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Til þess að sýna sveitinni þakkætisvott samþykkir bæjarráð að færa sveitinni krónur 500.000 í styrk," segir bæjarráðið og lýsir sérstöku þakklæti til félaga í Mannbjörg fyrir alla þá hjálp sem félagar sveitarinnar veittu. - gar

Landsbankinn:

Gölluð visakort kölluð inn

NEYTENDUR Galli er í örgjörvum á endurnýjuðum Visakortum sem hafa gildistíma 06/11. Kortin virka að öllum líkindum hvorki í hraðbönkum hérlendis né erlendis auk þess sem þau virka líklega ekki hjá söluaðilum erlendis sem eru með örgjörvaposa. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Landsbankanum.

Landsbankinn ráðleggur korthöfum sem eru á leið utan að klippa ekki eldra kortið með gildistíma 06/08 enda gildi það út júní, taka með debetkort til að nota í hraðbönkum erlendis, taka með annað kreditkort og kaupa gjaldeyri. Gölluðu kortin verða endurnýjuð nú eftir helgina. - ghs

Pelopsskagi á Grikklandi:

Maður lést í jarðskjálfta

HAMFARIR Einn maður lét lífið á Pelopsskaga á Grikklandi í fyrradag þegar skjálfti sem mældist 6,5 á Richter skók landið. Maðurinn lést þegar þak hrundi yfir hann.

Nokkuð var um slys á fólki í Achaia-héraði en þar skemmdust einnig fjölmörg hús. Að því er næst verður komist meiddust yfir 30 manns í skjálftanum.

Umferðartafir urðu miklar á svæðinu þar sem skriður höfðu víða farið yfir vegi.

Skjálftinn er sá stærsti í nútímasögu Grikklands og fannst um allt land og einnig varð hans lítillega vart á Ítalíu. - jse

LÖGREGLUFRÉTTIR

Dauð lömb við vegarbrún

Tvö lömb fundust dauð við vegarbrún í Berufirði aðfaranótt laugardags. Talið er líklegt að keyrt hafi verið á þau.

Kjörin enn eina ferðina á leið ofaní skurð

Viðsjár eru í samskiptum framhaldsskólakennara og hins opinbera. Ný lög um framhaldsskóla voru samþykkt í óþökk kennara og þeir upplifa andvaraleysi í kjaraviðræðum. Breytingar á skólastarfi eru háðar góðu samstarfi við kennara.

FÉLAGSMÁL „Það hefði verið betra að þingið hefði beðið með að gera frumvarpið að lögum og nota hefði átt sumarið til að sníða af því verstu vankantana," segir Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara.

Alþingi samþykkti á síðasta starfsdegi sínum frumvarp um ný framhaldsskólalög án þess að taka tillit til ábendinga kennara um ágalla.

Aðalheiður segir ýmsu ábótavant í nýju lögunum. Skýrari línur þurfi um umboð skólanna til að móta eigin áherslur, rök vanti fyrir lengingu skólaársins og nýju einingakerfi og lágmarkseiningafjöldi til stúdentsprófs sé ekki tilgreindur.

„Svo eru önnur atriði sem okkur finnst sorglegt að ekki hafi verið tekið á," segir Aðalheiður og nefnir sem dæmi að réttarstaða ólögráða framhaldsskólanema sé ekki tryggð með sambærilegum hætti og staða ólögráða nemenda á öðrum skólastigum og ekki sé kveðið á um fjárveitingar til skólanna svo þeir geti aukið fjölbreytni í námi og þjónustu.

Í bréfi sem framhaldsskólakennarar sendu þingmönnum viku fyrir samþykkt laganna sagði að mikilvægt væri að frumvarpið yrði ekki að lögum nema í sátt við nemendur, kennara og skóla. Aðalheiður segir lítið stoða að tala um fortíðina; ríkisstjórnin hafi ákveðið að gera frumvarpið að lögum. Við taki ný verkefni. „Við þurfum að vera með heil-

MARGT AÐ Formaður Félags framhaldsskólakennara finnur að ýmsu við ný lög um framhaldsskóla sem samþykkt voru á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR

mikið kynningarstarf í skólunum í haust og ræða breytingarnar við kennara. Svo er þýðingarmikið að við komum að þeirri undirbúningsvinnu sem þarf að eiga sér stað í menntamálaráðuneytinu áður en byrjað verður að vinna eftir lögunum."

Kergja er hlaupin í kjaraviðræður framhaldsskólakennara og ríkisvaldsins. Samningar eru lausir og viðræðurnar komnar til sáttasemjara. „Kjörin eru enn eina ferðina á leið ofan í skurð og að mörgu leyti erum við að færast hættulega nærri þeirri stöðu sem uppi var fyrir síðustu aldamót," segir Aðalheiður.

Á fundi trúnaðarmanna og formanna félagsdeilda Félags framhaldsskólakennara í síðustu viku, var samþykkt ályktun þar sem andvaraleysi stjórnvalda um kjör félagsmanna er gagnrýnt harðlega og varað er við þeim afleiðingum sem af kunni að hljótast. Spurð hvort uppsagnir framhaldsskólakennara væru í farvatninu svaraði Aðalheiður því einu til að hljóðið í fólki væri þungt og ef ekki rættist úr í sumar yrði það enn þyngra í haust.

bjorn@frettabladid.is

SIGURVEGARAR 2008 Sigurvegararnir í 100 kílómetra hlaupi; Elín Reed, Tommy Carstensen, Neil Kapoor og Börkur Árnason. MYND/GUNNLAUGUR A. JÚLÍUSSON

100 kílómetra hlaup:

Neil Kapoor og Elín sigruðu

HLAUP Hundrað kílómetra hlaup var haldið á laugardaginn. Sigurvegari í karlaflokki var Neil Kapoor sem hljóp á sjö klukkustundum og 53 mínútum, í öðru sæti var Tommy Carstensen og í þriðja sæti var Börkur Árnason. Í kvennaflokki sigraði Elín Reed sem hljóp á tíu klukkustundum og 33 mínútum. Bryndís Baldursdóttir var í öðru sæti.

Keppendur voru sextán, þar af tveir erlendir. Neil Kapoor hefur æft hér á landi en kom sérstaklega til landsins til að taka þátt í hlaupinu. - ghs

Læti á Þorláksmessu:

Réðst og hrækti á lögregluþjóna

DÓMSMÁL Tuttugu og tveggja ára karlmaður frá Akureyri hefur verið ákærður fyrir líkamsárás. Manninum er gert að hafa sparkað í bak og fætur á lögreglumanni auk þess að hrækja framan í annan lögregluþjón. Í ákærunni kemur fram að maðurinn hafi hótað þeim báðum svo og þriðja lögreglumanni sem var á vettvangi. Brotið átti sér stað aðfaranótt Þorláksmessu á síðasta ári. -hþj

DYNAMO REYKJAVÍK

Þú sparar á Orkustöðvunum

Net Orkustöðvanna umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

www.orkan.is

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

VEÐURSPÁ

Elín Björk Jónsdóttir Veðurfræðingur

SÚLDARLOFT NORÐANLANDS en hætta á síðdegisskúrum sunnan til, sérstaklega inn til landsins. Hlýtt, sérstaklega sunnan- og vestanlands, en kólnar með norðanáttinni á norður og austurlandi.



Á MORGUN Norðlægar áttir um allt land

MIÐVIKUDAGUR Norðvestlægar áttir um allt land

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	21°
Billund	20°
Ósló	25°
Stokkhólmur	20°
Gautaborg	24°
London	25°
París	25°
Frankfurt	29°
Friedrichshafen	20°
Berlín	30°
Alicante	19°
Mallorca	23°
Bassel	25°
Eindhoven	21°
Las Palmas	37°
New York	32°
Orlando	21°
San Francisco	13°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Með bílinn handa þér

RÉTTI TÍMINN TIL AÐ SKIPTA

- 3 ára verksmiðjuábyrgð.
- Ný hönnun og enn meiri gæði.
- Freelander bíll ársins 2008.
- Vegleg afmæliskjör í boði Land Rover og B&L.
  1% afsláttur fyrir hvern áratug í sögu Land Rover eða samtals **6% afsláttur** af verði allra Land Rover bíla í takmarkaðan tíma.

Discovery
Afmælisverð kr.
7.040.000
Áður kr. 7.490.000

Stöðugar og vaxandi vinsældir Land Rover eru engin tilviljun. Þeir sem kunna að meta trausta og vandaða jeppa vita að í Land Rover fá þeir bestu gæði sem völ er á, hvort sem litið er til tækninýjunga, frágangs eða efnisnotkunar. Land Rover hefur ávallt haldið tryggð við uppruna sinn. Merkið er enn þann dag í dag tákn ævintýra, áskorana og áræðni. Í 60 ár hefur Land Rover komið fólki á staði sem það færi ekki á annars. Terrain Response kerfið, sem nú er komið í alla línuna, bæði Land Rover og Range Rover, tryggir fullkomna aksturseiginleika hvort sem ekið er utan eða innan alfaraleiðar. **Gríptu tækifærið til að skipta í betri bíl og nýttu þér tímabundið 60 ára afmælisverð á Land Rover.**

60 YRS

LAND-ROVER
GO BEYOND

KJÖRKASSINN

Horfðir þú á opnunarleikinn í Evrópukeppninni?

Já	34,8%
Nei	65,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú sátt(ur) við að Hanna Birna Kristjánsdóttir verði næsti borgarstjóri Reykjavíkur?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Fulltrúi Framsóknarflokks í umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkur:

Vill niðurgreiða leigubíla

REYKJAVÍK Jakob Hrafnsson, áheyrnarfulltrúi Framsóknarflokksins í umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkurborgar, telur að borgaryfirvöld eigi að greiða niður leigubíla.

Jakob segir að menn verði að leita fleiri leiða til að efla almenningssamgöngur í borginni, hvort sem um sé að ræða, hjólreiðar, strætisvagna eða leigubíla.

„Bílafjöldinn hefur aukist gríðarlega í Reykjavík og hún er orðin eins og bandarísk borg í því tilliti en var eins og meðal evrópsk borg. Það er því rétt að skoða allar leiðir og þetta gæti

JAKOB HRAFNSSON

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

orðið til þess að heimili komist af með einn bíl.“

Jakob segir niðurgreiðslu á leigubílum þekkjast víða um heim. „Mörgum finnst leigubílar of dýrir og erfitt að fara eina eða tvær ferðir með þeim á dag. Mér finnst því að borgaryfirvöld eigi að skoða málið alvarlega,“ segir Jakob, en hann lagði fram fyrirspurn um málið á síðasta fundi ráðsins.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður ráðsins, segir það ekki vera á stefnuskrá meirihlutans að greiða niður leigubílaverð. Miklir fjármunir séu settir í strætisvagna og það muni aukast fremur en hitt.

„Ég veit ekki hvort menn vilja að við tökum peninga úr strætó og setjum í leigubíla, ég efast um það,“ segir Gísli Marteinn.

- kóp

Danskir nemendur:

Átu villikött með góðri lyst

DANMÖRK Morðhótunum rigndi yfir nemendur við Blaðamannaháskólann í Árósum sem tóku sig til og borðuðu villiköttt, sem hafði verið skotinn af dýraeftirlitsmanni. Myndir af veisluhaldinu settu þeir á netið. Uppátækið olli mótmælaöldu í Danmörku.

Nemendurnir eru undrandi yfir viðbrögðunum. „Við vildum benda á hið tvöfalda siðgæði,“ segja þeir og benda á að ekki hafi verið um gæludýr að ræða. „Af hverju er í lagi að borða hest, héra eða svín en ekki kött?“ spyrja þeir, að sögn Expressen, og benda á að í sumum löndum snæði menn ketti, hunda eða rottur með góðri lyst.

- ghs

Orkuveita Reykjavíkur

Ganga á Hengilssvæðið

Þriðjudaginn 10. júní verður farin fræðslu- og gönguferð á Hengilssvæðinu. Hugað verður að orkunni og beislun hennar, orkujarðfræði, gróðri og sögu. **Mæting í Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól kl. 19:30.** Leiðsögumenn eru Einar Gunnlaugsson jarðfræðingur, Guðríður Helgadóttir líffræðingur og Kristinn H. Þorsteinsson garðyrkjufræðingur.

ÍSLENSKA/SÍA/S/ORK 42361 05/08

• Elliðaárdalurinn er vinsælasta útivistarsvæði landsins www.or.is

Þrjú lán Baugs ólögmæt en sökin fyrnd

Hæstiréttur tók á fimmtudag af öll tvímæli um að lán fyrirtækja til stjórnenda eru ólögleg. Gott að fá fordæmi Hæstaréttar segja sérfræðingar um hlutafélagalög. Einhver dæmi eru um að slík lán hafi verið veitt hér á landi undanfarið.

BAUGSMÁL Hæstiréttur telur skýra refsiheimild í 104. grein hlutafélagalaga, þar sem bann er lagt við lánum fyrirtækja til stjórnenda og tengdra aðila. Þetta er viðsnúningur frá dómi héraðsdóms, sem taldi lagaákvæði svo óskýr að ekki væri hægt að refsa einstaklingum.

Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs Group, var meðal annars ákærður fyrir brot gegn 104. grein hlutafélagalaga í Baugsmálinu. Hann var sýknaður af þeim ákærunum í Hæstarétti á síðastliðinn fimmtudag.

Sérfræðingar um hlutafélagalög og endurskoðendur sem rætt var við segja gott að fá fordæmi Hæstaréttar.

Verjandi Jóns Ásgeirs byggði vörn sína meðal annars á því að heimild til að refsa einstaklingum væri óskýr í þessu tilviki.

Hæstiréttur tekur ekki undir þau sjónarmið. Í dóminum segir að enginn skynsamlegur vafi geti leikið á um að heimild sé til þess að refsa einstaklingum. Hlutafélag brjóti ekki lög án atbeina stjórnenda.

Bann í íslenskum lögum við lánum til stjórnenda og tengdra aðila er svipað ákvæðum á hinum Norðurlöndunum, að sögn sérfræðinga. Víða í Evrópu eru slík lán hins vegar lögleg, en þá ber fyrirtækjunum skylda til þess að upplýsa hluthafa um lánakjör og endurgreiðslur.

SÖK FYRND Hæstiréttur tók enga afstöðu til þess hvort Jón Ásgeir Jóhannesson (fyrir miðju) hefði brotið lög með lánveitingum frá Baugi til Gaums. Ekki var fjallað um þann möguleika þar sem sök hans væri fyrnd þó hann teldist hafa brotið lög.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bæði bann og kröfur um að upplýst sé um lán þjónar þeim tilgangi að verja hagsmuni hluthafa. Einnig verja slík ákvæði rétt lánadrottna fyrirtækjanna.

Sérfræðingar eru sammála um að einhver dæmi séu um að slík lán hafi verið veitt hér á landi á undanförnum árum. Með dómi Hæstaréttar þurfi þeir sem veitt hafi slík lán eða tekið við þeim að skoða sína stöðu.

Hæstiréttur segir að í þremur ákæruliðum af þeim níu sem fjölluðu um meintar ólögmætar lánveitingar hafi í raun verið um ólögmætar lánveitingar að ræða. Baugur lánaði því með ólögmætum hætti tæplega 205 milljónir króna til Gaums, fjárfestingarfélags Jóns Ásgeirs og fjölskyldu.

Hæstiréttur tók ekki afstöðu til þess hvort Jón Ásgeir hafi brotið lög í þessum tilvikum. Rétturinn mat það svo að um minniháttar tilvik hefði verið að ræða, þar sem þau hefðu aðeins varðað sektum. Því fyrnast þau á tveimur árum, og voru fyrnd þegar ákæra var gefin út.

brjann@frettabladid.is

UMDEILD LAGAGREIN SKÝRÐ

104. grein hlutafélagalaga:

■ Hlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Félagi er einnig óheimilt að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða í óvígðri sambúð með aðila […] eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja ellegar stendur hlutaðeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

■ Hlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða einkahlutafélag. Hlutafélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup.

Hentugt við grillið

- einnota borðbúnaður á tilboðsverði

Á tilboði í júní 2008

Einnota diskar, glös, bollar og hnífapör

20% afsláttur

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV Unique 060802

Líklegt að málum fækki aftur hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála:

Sprenging í fjölda kæra í fyrra

STJÓRNSÝSLA Sprenging varð í fjölda kæra til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í fyrra. Þá bárust 170 kærur, en frá stofnun nefndarinnar hafa þær að jafnaði verið í kringum 70 á ári.

Það sem af er þessu ári hafa 36 kærur borist nefndinni, segir Hjalti Steinþórsson, formaður úrskurðarnefndarinnar. Það er ekki ósvipað og á sama tíma í fyrra, en þá kom gusa með haustinu. Hjalti segir líklegt að færri kærur berist í ár vegna samdráttar í byggingariðnaðinum.

Mikil fjölgun kæra á síðasta ári á sér ekki neinar augljósar skýringar, segir Hjalti. Þó megi leiða að því líkur að eftir því sem afgreiddum málum fjölgi hjá sveitarfélögunum aukist hættan á því að mistök verði gerð.

„Kærurnar eru afar lítið brot af því sem afgreitt er hjá stjórnvöldum og í það heila held ég að þau séu að gera þetta vel. Við erum nokkurs konar öryggisnet, í allri mannlegri starfsemi hljóta að eiga sér stað mistök,“ segir Hjalti.

Úrskurðarnefndin fjallar um kærur vegna skipulags- og byggingarmála, allt frá ósætti um breytingu á einbýlishúsi í grónu hverfi að gerð deiliskipulags á stórum svæði.

Að auki fjallar nefndin um kærur vegna framkvæmdaleyfa vegna framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum, en þar er að jafnaði um stórar framkvæmdir að ræða.

- bj

FJÖLDI KÆRUMÁLA



HEIMILD: ÚRSKURÐARNEFND UM SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL

Landsins mesta úrval af ferðavögnum

STÓRSÝNING UM HELGINA

TILBOÐSPAKKI
ÖLLUM HJÓLHÝSUM FYLGIR SÓLARSELLA, SKYGGNI OG SJÓNVARP MEÐ DVD

Frábær tilboð
Líttu við og kynntu þér úrvalið!

TILBOÐSPAKKI
ÆGISTJALDVAGN OG ÍSLENSKT FORTJALD
KR. 690.000.
FULLT VERÐ KR. ~~801.500~~

0% VEXTIR
100% FJÁRMÖGNUN

TILBOÐSPAKKI
ÖLLUM FELLIHÝSUM FYLGIR ÍSLENSKT FORTJALD, SÓLARSELLA MEÐ ÍSETNINGU OG GASGRILL

100%
FJÁRMÖGNUN

OPNUNARTÍMI:

MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA	10.00 - 18.00
LAUGARDAG	11.00 - 16.00
SUNNUDAG	12.00 - 16.00

SEGLAGERÐIN ÆGIR
1913 - 2008
95 ÁRA

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

ADRO™

opnar þér nýjar víddir

Í fyrsta skipti er þægilegur hljómur og afburða talgreining sameinuð í einu tæki með hinni einstöku ADRO tækni. Hljóðið sem berst þér er ekki lengur þjappað og líflaust heldur vítt og breytilegt. Komdu og kynntu þér málið!

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Ókeypis heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ! Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

ÞORKELL PÉTURSSON Leiguverð á kvóta er orðið svo hátt síðan sjóstangveiðimenn fóru að leigja hann í stórum stíl og segist Þorkell að óbreyttu binda bát sinn. En fyrst segist hann ætla ásamt kollegum sínum að reyna að rétta hlut sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verð á leigukvóta hækkar vegna sjóstangveiði:

Segja sportveiði rústa trilluútgerð

SJÁVARÚTVEGUR „Við trillukarlarnir getum ekki staðið í samkeppni við um 4300 sportveiðimenn sem stunda hér veiðar ólöglega. Að óbreyttu munum við bara binda bátinn og hætta þessu," segir Þorkell Pétursson sem gerir út á trillu frá Arnarstapa.

„Þessi sjóstangveiði setur líf á annað hundrað fjölskyldna í landinu í rúst," bætir Jón Gestur Sveinbjörnsson, kollegi hans, við.

Þeir segja að frá komu sportveiðimanna, sem verða að leigja kvóta til að stunda veiðar yfir sumarið, hafi leiguverðið hækkað svo að það sé komið upp fyrir meðalverð á markaði. Við þessar aðstæður segja þeir ekki rekstrargrundvöll fyrir því að róa.

„Þar að auki verðum við að kosta miklu til við að halda réttindum okkar," segir Jón Gestur. „Við verðum að endurnýja vél- og skipstjórnarréttindi reglulega, fara í endurmenntun í Björgunarskólanum og vera ávallt með pottþétt læknisvottorð upp á vasann og þetta kostar menn fjármuni og tíma. En sportveiðimenn eru réttindalausir og fá einnig að fiska á sjómannadag sem okkur er ekki heimilt. Við erum orðnir annars flokks."

Hann segir að þeir hafi sent Siglingamálastofnun erindi þar sem þeir óska þess að þetta mál verði tekið fyrir. Berist þeim ekki svar innan 15 daga þá munu þeir senda málið til umboðsmanns Alþingis.

- jse

370.000 kr. lækkun!
L200 INTENSE DCAB SJÁLFSK.
3.490.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 3.860.000 KR.
AFBORGUN 35.500 KR. Á MÁN.*

620.000 kr. lækkun!
PAJERO 3.2 INVITE SJÁLFSK.
5.350.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 5.970.000 KR.
AFBORGUN 59.900 KR. Á MÁN.*

250.000 kr. lækkun!
OUTLANDER INTENSE 5 MANNA SJÁLFSK.
4.090.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 4.340.000 KR.
AFBORGUN 45.900 KR. Á MÁN.*

Finndu rétta kraftinn!

Jepparnir frá Mitsubishi hafa staðist erfiðasta prófið og sigrað í Dakar kappakstrinum ár eftir ár. Komdu og prófaðu þann sem hentar þér: örugga pallbílinn L200, skemmtilega sportjeppann Outlander eða konung jeppanna, Mitsubishi Pajero. Við bjóðum hagstæða fjármögnun í erlendri mynt og eigum bíla til afgreiðslu strax.

MITSUBISHI MOTORS

*Miðað við 30% útborgun og gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða.
Árleg hlutfallstala kostnaðar er frá 9,21% til 9,36% miðað við hvaða gerð af bíl er valin.

Allt að 17% verðlækkun á nýjum bílum

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

Það er gott að sofa í sófanum

30%
afsláttur af svefnsófum
í júní

Jaco svefnsófi
með heilsudýnu

Framleiðandi: Milano Bedding, Ítalía
Hönnuður: Pietro Arosio

Recor Collection svefnsófar

Aðeins 15sek. í uppsetningu

Tilvalið í sumarbústaðinn.
Fullur salur af nýjum línum, litum og áklæðum.

Hollandia svefnkollar

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

FRÉTTASKÝRING: Flóttamenn á Íslandi 4. hluti

Milljónir á flótta um allan heim

Flóttamönnum fjölgaði í fyrra, í fyrsta skipti í fimm ár. Íraksstríðið er talinn vera helsti orsakavaldurinn. Milljónir manns eru á vergangi víða um heim. Flóttamannastofnun er orðin ein af fastastofnunum Sameinuðu þjóðanna en átti bara að starfa í þrjú ár.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna var stofnað árið 1951. Stofnunin átti að taka á þeim flóttamannavanda sem síðari heimsstyrjöldin hafði getið af sér og einbeitti sér fyrst og fremst að Evrópu. Flóttamenn höfðu vissulega verið vandamál víða um heim áður, en vandinn í hjarta hinnar vestrænu Evrópu kallaði á stofnun ráðsins.

Upphaflega var litið svo á að um tímabundið verkefni væri að ræða við að koma um 1,2 milljónum flóttafólks til aðstoðar. Flóttamannastofnunin átti aðeins að starfa í þrjú ár. Eftir því sem árin liðu kom í ljós að þörfin var mun meiri um allan heim og umboð stofnunarinnar var því endurnýjað til fimm ára í senn. Það var ekki fyrr en árið 2003 að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað að afnema þessi tímamörk á umboði Flóttamannastofnunarinnar. Við það varð hún ein af fastastofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Flóttamannastofnun aðstoðar ekki einungis flóttamenn heldur einnig hælisleitendur, flóttamenn á heimleið til síns upprunalands, ríkisfangslaust fólk og hluta hinna 25 milljóna sem eru vegalausir í eigin heimalands (internally displaced persons, IDP). Heildarfjöldi þeirra sem flosnað hafa upp frá heimilum sínum víða um heim, einnig þeir sem umboð Flóttamannastofnunar nær ekki yfir, er áætlaður yfir 40 milljónir manns – eða um 0,6 prósent af íbúafjölda jarðar.

FÁ NÆRINGU Palestínskir flóttamenn fá næringu í flóttamannabúðum á Vesturbakkanum. Milljónir manna um allan heim treysta á hjálparstofnanir um daglega næringu. Flóttamannavandinn er alþjóðlegur og Sameinuðu þjóðirnar láta hann til sín taka. Fólk flýr stríðsátök og hamfarir og sumir sæta ofsóknum eigin stjórnvalda. Þeir flóttamenn sem til Íslands koma eru meðal þeirra sem engar aðrar lausnir hafa. Til Íslands hafa komið rúmlega fjögur hundruð flóttamenn. Af þeim eru 85 múslimar. Hluti þeirra sneri fljótt heim aftur en hluti býr hér enn og lifir í sátt og samlyndi við íslenskt samfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Verskvið breytist

Verksvið Flóttamannastofnunar SÞ hefur breyst síðustu árin. Nú sinnir hún í auknum mæli aðstoð við aðra en þá sem beinlínis heyra undir starfssvið flóttamannahjálparinnar. Það eru þá ekki eiginlegir flóttamenn heldur aðrir sem lifa við svipaðar aðstæður. Hér er um að ræða fólk sem hefur öðlast rétt til verndunar vegna þess hóps sem það tilheyrir eða hefur af einskærum mannúðarástæðum þörf fyrir aðstoð án þess að vera formlega viðurkennt sem flóttamenn.

Einnig getur verið um að ræða fólk sem hefur nauðugt þurft að yfirgefa heimili sitt, en býr annars staðar í sínu eigin landi. Þetta eru í auknum mæli þeir sem orðið hafa fórnarlömb borgarastyrjalda.

Flóttamönnum fjölgar

Frá upphafi hefur Flóttamannastofnun SÞ hjálpað rúmlega fimmtíu milljónum manna til að hefja nýtt líf og áunnið sér tvenn friðarverðlaun Nóbels á þeim tíma – árin 1954 og 1981.

Nokkuð hafði orðið ágengt í fækkun flóttamanna, en árið 2007 fjölgaði þeim í fyrsta skipti um nokkra hríð.

Samkvæmt skýrslu Flóttamannastofnunar SÞ á fjölgunin að miklu leyti rætur að rekja til ástandsins í Írak. Í árslok 2006 hafði ein og hálf milljón Íraka leitað hælis í öðrum löndum, aðallega Sýrlandi og Jórdaníu.

Flestir flóttamenn dvelja í Pakistan, þar sem þeir eru yfir ein milljón. Tæp milljón er í Íran, um 800 þúsund í Bandaríkjunum, tæp 700 þúsund í Sýrlandi og um 600 þúsund í Þýskalandi.

Norðurlöndin

Ríkisstjórn Íslands samþykkti árið 2007 að taka við 25 til 30 flóttamönnum árlega. Þar er um að ræða svokallaða kvótaflóttamenn sem ekki eru taldir eiga neinn annan möguleika en að fara til þriðja lands. Þeir geta hvorki verið kyrrir né snúið aftur til upprunalands.

Aðeins fimmtán til tuttugu lönd taka á móti flóttamönnum úr þessum hópi. Öll Norðurlöndin eru þar á meðal. Svíar taka á móti flestum flóttamönnum, eða 1.800 ár hvert, Finnar taka á móti 750 flóttamönnum og Danir fimm hundruð. Norðmenn hafa sveigjanlegan kvóta, um þrjú þúsund flóttamenn á þremur árum.

Hælisleitendur

Þegar einstaklingur sækir um hæli utan eigin ríkis er hann fyrst skilgreindur sem hælisleitandi af stjórnvöldum í viðkomandi landi. Með umsókn um hæli er viðkomandi að óska eftir viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður. Ef fallist er á umsóknina fær viðkomandi viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður í skilningi flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna og öðlast þau réttindi sem þar eru tilgreind.

Sé umsókninni hins vegar hafnað eru þrír kostir í stöðunni. Hægt er að veita dvalarleyfi af mannúðarástæðum, vísa viðkomandi úr landi og sé það ekki hægt er veitt bráðabirgðadvalarleyfi. Synjun um hæli þarf ekki að þýða að hælisleitandi sé ekki flóttamaður heldur aðeins að ekki hefur verið fallist á beiðni um viðurkenningu. Hælisleitandi getur því verið „óviðurkenndur“ flóttamaður.

STARFSEMI FLÓTTAMANNASTOFNUNAR

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) var stofnuð 1951 og átti að starfa í þrjú ár. Í dag er hún ein af mikilvægustu mannúðarsamtökum heimsins. Hún hefur aðsetur í Genf og er með útibú í yfir 120 löndum. Yfir 80 prósent af starfsliði UNHCR, sem inniheldur 5.000 manns, vinnur þar sem vandamálin rísa, oft á einangruðum stöðum, við hættulegar og erfiðar aðstæður. UNHCR hefur tvisvar sinnum hlotið friðarverðlaun Nóbels fyrir störf sín, árin 1954 og 1981.

HVERJIR TELJAST FLÓTTAMENN?

Samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna telst sá vera flóttamaður sem: „er utan heimalands síns … og af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana, og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands; eða þann sem er ríkisfangslaus, og er utan þess lands, þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur, vegna slíkra atburða og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, hverfa aftur þangað.“

Til þess að geta talist flóttamaður er það forkrafa að viðkomandi sé staddur utan við heimaland sitt. Þeir sem eru ríkisfanglausir verða að vera fyrir utan land þar sem þeir höfðu fasta búsetu.

Svo lengi sem einstaklingur er innan landamæra eigin ríkis telst hann ekki flóttamaður í skilningi flóttamannasamningsins, jafnvel þótt viðkomandi þurfi að þola miklar ofsóknir, þjáist og sé hótað lífláti af stjórnvöldum fyrir engar sakir.





FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

FJÓRÐA GREIN AF FJÓRUM

Tekur appelsínur í karphúsið

Áhugaverðar staðreyndir um mikið magn C-vítamíns og ótrúlega hæfileika papriku til að skipta litum

Er mikið notuð til að fegra mat því þó hún bragðist mjög vel gefur fallegur litur hennar oft mjög sérstakt yfirbragð

Geymist best í 15°- 18° hita

Er algjörlega fitusnauð, inniheldur ekkert kólesteról og lítið af kalorium

Inniheldur mikið af kalki, trefjum og B6-vítamíni

Er svo rík af C-vítamíni að hún jafnast á við fjórar appelsínur

Er fyrst græn áður en hún breytir um lit

Á að vera þétt og föst í sér með fallegum og sterkum lit þegar hún er keypt

Paprikur eru til í gulum, rauðum, grænum, appelsínugulum, fjólubláum og meira að segja brúnum lit

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

islenskt.is

ÍSLENSKA SÍA.IS SFG 38068 02/08

skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýr leiðtogi í borgarstjórn:

Hvað breytist?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Eðlilega sætir það tíðindum þegar breyting verður á leiðtogahlutverki forystuflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur. Sjálfstæðisflokkurinn hefur varist í vök um nokkurt skeið í þessu höfuðvígi. Munu þau tíðindi sem kynnt voru um helgina breyta þeirri stöðu? Fyrst um sinn verður ekki séð að þau hafi afgerandi áhrif. Á síðari stigum gæti það hins vegar gerst. Eins og sakir standa er fátt skrifað á vegginn þar um.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri, sýnist hafa leitt þessa breytingu skynsamlega. Segja má að hann hefði getað gert það nokkrum mánuðum fyrr en það skiptir ekki máli í stöðunni. Vel fer á því að hann taki við hlutverki forseta borgarstjórnar. Ef litið er fram hjá REI-málinu var hann farsæll og reyndar fremur vinsæll borgarstjóri og á að baki langan og árangursríkan feril.

Það er sérkennileg tilviljun að sama dag og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson velur til að láta borgarstjórnarflokk sjálfstæðismanna taka ákvörðun um leiðtogaskiptin staðfestir fyrrverandi forstjóri Orkuveitunnar í viðtali í þessu blaði að minnisblað um rétt starfsmanna fyrirtækisins til hlutabréfakaupa í REI hafi þáverandi borgarstjóri ekki séð á umdeildum stjórnar- og eigendafundi. Spurningin um þetta var upphafið að þeim trúnaðarvanda sem hann hefur glímt við frá því á haustdögum. Þessari óvissu hefði einnig mátt eyða fyrr.

Valið á Hönnu Birnu Kristjánsdóttur sem leiðtoga fyrir borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna er eðlilegt af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi var hún í öðru sæti framboðslistans og stendur þannig næst hlutverkinu. Í öðru lagi virðist hún hafa haft forystu fyrir þeim viðbrögðum sexmenninganna svokölluðu við sameiningu REI og Geysis Green sem voru raunveruleg rót fyrri meirihlutaskiptanna.

Þau viðbrögð báru augljós merki um vilja til að nálgast stefnu Vinstri grens í orkunýtingarmálum. Stærsta orkufyrirtæki landsins hefur verið í uppnámi síðan. Hundraðdagameirihlutinn, undir forystu Samfylkingarinnar, fylgdi stefnu VG. Núverandi meirihluti hefur einnig gert það í grundvallaratriðum. Orkumálin verða fyrsti prófsteinninn á nýja leiðtogann.

Fjármál borgarinnar verða annar prófsteinn. Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni tókst með þáverandi samstarfsflokki að koma þeim í rétt horf eftir langa óreiðu. Nýr leiðtogi verður að sýna að það haldi út kjörtímabilið ætli hann að vinna til traustsins.

Skoðanakannanir benda til þess eins og sakir standa að Samfylkingin og Vinstri grænt geti myndað tveggja flokka meirihluta eftir næstu kosningar. Iðnaðarráðherra hefur boðað slíkt samstarf. Ef Framsóknarflokknum tekst ekki að brjóta þessa stöðu upp sýnist hann vera dæmdur úr leik á næsta kjörtímabili hvort heldur hann fær mann í borgarstjórn eða ekki.

Núverandi meirihlutasamstarf er úr sögunni í síðasta lagi við næstu kosningar. Nýr leiðtogi Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn á tveggja kosta völ um kosningamarkmið: Annars vegar að stefna að hreinum meirihluta. Við svo búið sýnist það vera þungur róður. Hins vegar að freista þess að rjúfa það heilaga bandalag sem iðnaðarráðherrann segir að nú sé á milli Samfylkingar og VG.

Þó að nýr leiðtogi muni eðlilega ekki tala skýrt um hernaðarlist sína að þessu leyti verður unnt að ráða í þá spurningu af málflutningi hans. Alltént mun reyna á nýjan leiðtoga við það vandasama verk að vinna til traustsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

EIVÖR OG RAGGA
ÁSAMT
KJARTANI VALDEMARSSYNI OG PÉTRI GRÉTARSSYNI
REYKHOLTSKIRKJU MIÐVIKUDAGINN 11. JÚNÍ KL 20
SALNUM KÓPAVOGI FIMMTUDAG 12. JÚNÍ KL 20

ÞJÓÐLEG TÓNLIST·FRUMSAMIN·GÖMUL OG NÝ
MIÐASALA Á MIDI.IS OG Í SALNUM

FRÁ DEGI TIL DAGS

Meiri tími fyrir frúna

Eins og alþjóð veit gekk Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, að eiga Guðrúnu Kristjánsdóttur í gær. Degi áður hafði hann látið oddvitasætið Hönnu Birnu eftir svo meiri tími ætti að gefast með frúnni. En olnbogarými þeirra hjóna er þó ekki meira en svo að borgarfulltrúinn Björk Vilhelmsdóttir og Ólafur F. Magnússon borgarstjóri munu verða með þeim hjúum í brúðkaupsferð ferð þeirra til Þórshafnar. Þetta er meiri rómantíkin í Reykjavík.

Jómfrúarferð og brúðkaupsferð

Þannig er mál með vexti að borgarfulltrúarnir eru í nefnd sem vinnur að menningarsamstarfi milli Nuuk, Þórshafnar og Reykjavíkur og á nú að veita úr menningarsjóði í Þórshöfn. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur borgarstjóri aldrei ferðast fyrir hönd borgarinnar en það væri ekki amalegt fyrir hann ef jómfrúarferð hans yrði einnig brúðkaupsferð.

Mikill ferðakostnaður

Auglýst var eftir klámmyndaleikurum á einkamál.is. Virtust laun vera nokkuð góð en einnig kom fram að ferðakostnaður yrði greiddur. Það er eins gott því tökur munu meðal annars fara fram í Prag í „Tékkaslóvíku“ eins og segir í auglýsingunni. Það gæti nefnilega þurft að bregða sér með tímavél til að komast þangað.

jse@frettabladid.is

Kveðjur úr annarri átt

GESTUR JÓNSSON
Í DAG | Dómsmál

Dómur Hæstaréttar í Baugsmálinu svokallaða er algjör niðurlæging fyrir þá menn sem bera ábyrgð á ákærunum í Baugsmálinu. Til þessa málareksturs hefur verið eytt hundruðum milljóna króna af almannafé. Sennilega nærri milljarði króna.

Með dómnum var Jón Ásgeir Jóhannesson endanlega sýknaður af öllu því sem eftir stóð af upphaflegri ákæru í málinu nema hvað hann var sakfelldur fyrir bókhaldsbrot í hluta eins ákæruliðarins. Fyrri mál ákæruvaldsins gegn Jóni Ásgeiri höfðu endað með sýknu eða að sakargiftum var vísað frá dómi. Alls hafa verið gefnar út ákærur í 59 liðum í þessum málum og í 54 þeirra hefur Jón Ásgeir verið sakborningur.

Með ákærunum hefur Jón Ásgeir verið borinn sökum um alls kyns brot, þ. á m. fjárdrátt, fjársvik, umboðssvik, ólögmætar lánveitingar samkvæmt hlutafélagalögum, rangfærslu skjala, brot gegn lögum um ársreikninga, tollsvik, rangar tilkynningar til Verðbréfaþings Íslands og bókhaldsbrot. Fjárhæðir í tilgreindum brotum samkvæmt ákærunum nema rúmlega fjórum milljörðum króna, þar af voru ásakanir um auðgunarbrot, þ.e. fjársvik, fjárdrátt og umboðssvik upp á ríflega 2,3 milljarða króna. Saksóknari hefur rætt um málið sem „stærsta efnahagsbrotamál Íslandssögunnar“, hann hefur í dómssal nefnt Jón Ásgeir „höfuðpaur“ og líkt honum við ómerkilegan fjósamann sem steli nytinni úr kúm húsbónda síns.

Vegna þessa hefur Jón Ásgeir mátt sitja á sakamannabekk í tæp sex ár á sama tíma og hann hefur glímt við að stjórna risastóru fyrirtæki sem veitir tæplega 100.000 manns atvinnu. Fyrirtækið, sem hann stjórnar, hefur orðið fyrir beinu tjóni sem nemur tugum milljarða vegna aðgerða lögreglunnar. Er þá ekki nefnt það sem erfiðast er, þ.e. álagið fyrir sakborninginn og fjölskyldu hans sem hafa þurft að standa frammi fyrir alvarlegum sakargiftum árum saman.

Viðbrögð sérstaks saksóknara

Í siðuðu samfélagi er það grundvallarregla að maður telst saklaus hafi sekt hans ekki sannast fyrir dómi. Eftir að Hæstiréttur hefur hreinsað Jón Ásgeir af nánast öllum sakargiftum ber saksóknaranum að láta staðar numið. Niðurstaða er fengin. Á þriðja ár hefur saksóknarinn, með litlum árangri, haft að aðalstarfi að freista þess að koma sökum á Jón Ásgeir. Þrátt fyrir dóm Hæstaréttar heldur hann áfram þessari iðju. Í viðtali við Fréttablaðið 7. júní segir Sigurður Tómas Magnússon að „það virðist vera afar torsótt að ná fram sakfellingu í flóknum efnahagsbrotamálum“ og „það virðist vera að réttarkerfið ráði ekki við svona mörg og flókin sakarefni“. Hann leyfir sér að túlka dóm Hæstaréttar þannig að dómararnir séu ekki sáttir við sýknudóma héraðsdóms en telji sig ekki geta breytt þeim af réttarfarsástæðum. Dómskerfi okkar sé ekki fullnægjandi lengur.

Engin stoð er fyrir ályktun Sigurðar Tómasar um að dómendur Hæstaréttar séu ekki sáttir við sýknudóma héraðsdóms. Ekkert slíkt stendur í dómi Hæstaréttar. Þá er það fráleit niðurstaða saksóknarans að kenna réttarfarinu og dómstólakerfinu um hrakfarir ákæruvaldsins. Mönnum væri hollt að líta frekar í eigin barm. Ætli skýringin á niðurstöðunni sé ekki fyrst og fremst sú að hærra var reitt til höggs en tilefni var til. Íslensku dómstólarnir reyndust vandanum vaxnir og komust að niðurstöðu í samræmi við efni málsins.

Kveðjur úr annarri átt

Fleiri en Sigurður Tómas senda Jóni Ásgeiri kveðjur í fjölmiðlum í kjölfar dóms Hæstaréttar. Í Morgunblaðinu 7. júní er viðtal við Helga Magnús Gunnarsson, saksóknara efnahagsbrota. Þar kemur fram að rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra á meintum skattalagabrotum einstaklinga tengdum Baugi sé lokið. Segir Helgi Magnús að sumarið verði nýtt til að yfirfara gögnin og taka ákvörðun um framhaldið. Verði ákært muni ákæra verða gefin út „einhvern tíma“ í haust. Þá er því lýst að mikill þrýstingur sé á ríkislögreglustjóra að ákæra ekki í málinu. Þess er ekki getið hvernig Morgunblaðið veit að þrýstingi sé beitt né heldur er þess getið hverjir beiti þeim þrýstingi.

Óneitanlega er fróðlegt fyrir mig sem verjanda Jóns Ásgeirs og hann sem sakborning að lesa um það í Morgunblaðinu að rannsókn svokallaðs skattamáls sé lokið. Þetta skattamál er reyndar hluti af Baugsmálinu og var á sínum tíma rannsakað hjá efnahagsbrotadeild RLS undir sama málsnúmeri og málið sem fékk lyktir í Hæstarétti í síðustu viku. Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri var með dómi Hæstaréttar 23. janúar 2007 dæmdur vanhæfur til þess að stjórna rannsókn skattamálsins í ljósi opinberra yfirlýsinga hans og þeirra nánu tengsla sem eru milli rannsóknar ríkislögreglustjóra, sem leiddi til útgáfu ákærunnar 1. júlí 2005 (fyrsta Baugsmálið) og skattamálsins. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skipaði þá Rúnar Guðjónsson, sýslumann í Reykjavík, sérstakan ríkislögreglustjóra til þess að stjórna og bera ábyrgð á rannsókn skattamálsins. Skýrsla var tekin af skjólstæðingi mínum í júní 2007 en að öðru leyti veit hann lítið um rannsókn málsins annað en það sem öðru hverju birtist í fjölmiðlum.

Í dómi Hæstaréttar sl. fimmtudag var fallist á athugasemdir ákærðu um að lagareglunni um hraða meðferð sakamáls hafi ekki verið fylgt í Baugsmálinu. Sérstaklega gagnrýnir Hæstiréttur þann langa tíma sem leið frá því rannsókn hófst þar til ákæra var gefin út. Sá tími var tæplega þrjú ár. Rannsókn skattamálsins hefur staðið í nærfellt sex ár án þess að ákæra hafi verið gefin út. Saksóknari tilkynnir nú í fjölmiðlum að rannsókn málsins sé lokið og hann muni taka sér tíma til haustsins til þess að ákveða hvort hann gefi út ákæru. Þá verður liðið á sjöunda ár frá því rannsókn málsins hófst.

Ætli þetta sé samrýmanlegt grundvallarreglunni um réttláta málsmeðferð?

Gestur Jónsson er hæstaréttarlögmaður og verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Lærdómar af Baugsmálinu

UMRÆÐAN

Árni Páll Árnason skrifar um Baugsmálið

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Sigurður Kári Kristjánsson, sessunautur minn á Alþingi, hefur lýst því að hann telji óeðlilegt að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hafi tjáð sig um niðurstöðu Hæstaréttar í Baugsmálinu í yfirlýsingu, því hún sé utanríkisráðherra og dómsmál ekki á forræði utanríkisráðuneytisins. Þetta er auðvitað fráleit röksemdafærsla.

Baugsmálið hefur haft veruleg áhrif á íslenska þjóðmálaumræðu í sex ár og fá mál vakið jafn mikla athygli. Margir hafa verið þeirrar skoðunar að í þessu máli hafi lögregla og ákæruvald farið offari. Nú þegar niðurstaða Hæstaréttar liggur fyrir, þar sem sú skoðun er staðfest, væri fullkomlega óeðlilegt ef allir stjórnmálamenn þegðu þunnu hljóði á þeirri forsendu að lögregla og dómstólar heyrðu undir dómsmálaráðherrann og hann einn mætti tjá sig um málið. Fjölmiðlar leituðu eftir afstöðu formanns Samfylkingarinnar eins og annarra stjórnmálaleiðtoga og hún kaus að svara þeim með því að gefa út yfirlýsingu um sína afstöðu.

Í yfirlýsingu formanns Samfylkingarinnar segir: „Víðfeðmasta opinbera rannsókn síðari ára, sem hófst í tilefni af tilteknum kreditreikningi, hefur nú verið til lykta leidd í Hæstarétti Íslands eftir sex ára meðferð í réttarkerfinu sem kostað hefur ógrynni fjár. Hæstiréttur veitti öllum sem komu að útgáfu þessa tiltekna reiknings sýnilega jafna og réttláta málsmeðferð. Bersýnilegt er að dómstólar kveða upp úr um að umfang rannsóknarinnar og ákæranna sem gefnar voru út upphaflega var alls ekki í samræmi við tilefnið. Óhjákvæmilega hljóta íslensk stjórnvöld að draga lærdóma af þessari útkomu.“

Það væri hægt að skilja uppnám Sigurðar Kára ef í yfirlýsingunni væri verið að deila við dómarann. Svo er ekki. Þvert á móti er þar lýst trausti á dómstólunum og tekið fram að þeir hafi veitt öllum jafna og réttláta málsmeðferð. Og hvað er það þá sem fer svona fyrir brjóstið á honum? Er það sú setning að stjórnvöld eigi að draga lærdóma af þessari útkomu? Það markar þá tímamót í íslenskum stjórnmálum ef það á að verða viðtekin regla að stjórnvöld og stjórnmálamenn eigi ekkert að læra af dómum Hæstaréttar og virða að vettugi þá leiðbeiningu sem fram kann að koma í dómum um meðferð opinbers valds og réttindi borgaranna.

Stjórnmálamenn eru ekki embættismenn

Sigurður Kári tengir yfirlýsingu formanns Samfylkingarinnar við stöðu hennar sem utanríkisráðherra og leggur út af þeirri stöðu á þann veg að þar sem dómsmál séu ekki utanríkismál eigi utanríkisráðherra ekkert með að tjá sig um niðurstöðu dómsins. Þetta er auðvitað fráleit staðhæfing og sýnir mikinn misskilning á hlutverki stjórnmálamanna.

Eru formenn stjórnarflokkanna, utanríkisráðherra og forsætisráðherra, að fara út fyrir verksvið sitt og inn á verksvið fjármálaráðherra þegar þau ræða fjárlagaramma næsta árs? Og á þá Björn Bjarnason dómsmálaráðherra einn að mega tjá sig um Baugsmálið, af því það er dómsmál? Einhvern veginn slær sú kenning mann nokkuð skringilega. Formenn ríkisstjórnarflokka hafa auðvitað fullt umboð til að tjá sig um hvaða álitamál sem er, rétt eins og formenn annarra flokka, óháð því hvaða ráðherraembættum þeir gegna. Formaður Samfylkingarinnar tjáir sig um öll þau pólitísku álitamál sem hún kýs að tjá sig um í umboði kjósenda Samfylkingarinnar og þingflokks hennar. Þar fyrir utan eru stjórnmálamenn ekki embættismenn sem starfa á tilteknu fagsviði, heldur fulltrúar kjósenda sinna og starfa í þeirra umboði. Þjóðfélagsleg álitamál verða aldrei flokkuð í hólf og stjórnmálamönnum skammtaður réttur til að tjá sig um þau.

Hvaða lærdóma má draga?

En hvaða lærdóma má svo draga af útkomu Baugsmálsins? Nefna má tvennt:

Í fyrsta lagi að rannsóknarvald og ákæruvald sé ekki á sömu hendi í flóknum málum af þessum toga. Það fer ekki vel á því að lögreglurannsókn sæti ekki sjálfstæðri, gagnrýnni og óháðri athugun hjá ákæruvaldinu, áður en ákæra er gefin út. Í nýsamþykktum lögum um meðferð sakamála, sem samin voru af réttarfarsnefnd, felst að ákæruvald í efnahagsbrotamálum verði flutt frá lögreglustjórum til sjálfstæðra héraðssaksóknara og aðskilnaður rannsóknar og saksóknar þannig betur tryggður.

Í öðru lagi þarf að fara vel með mikið vald. Kreditreikningurinn sem markaði upphaf Baugsmálsins gaf greinilega fullt tilefni til rannsóknar og ákæru enda hafa þeir sem komu að útgáfu hans nú hlotið dóm fyrir aðild sína að honum. Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar er hins vegar ekki hægt að horfa framhjá því að fátt bendir til að hann hafi gefið tilefni til þeirrar umfangsmiklu lögreglurannsóknar og saksóknar sem nú hefur staðið í sex ár og kostað tiltekna einstaklinga mikinn sársauka og fjármuni og íslenska skattborgara hátt í einn milljarð króna. Þeim mannauði og fjármunum hefði án efa verið betur varið til að takast á við önnur brýnni úrlausnarefni í réttarvörslukerfinu.

Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar.



Sparaðu með Brimborg

Ný rekstrarleiga með bílafrelsi og bensínverðvernd

Í dag. Þú getur bílnum efti

Nýjung
Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

Nýjung
Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

Bílafrelsi Brimborgar 12-24.

Í dag. Dæmi um tilboð og bílafrelsi

Tilboð. Rekstrarleiga 49.982 kr. á mánuði.

Mazda5 Advance

2,0i 146 hö 185 Nm sjálfskiptur 5 dyra 7 manna
CO2 losun 187 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 8,3 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.130.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 49.982 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 422.445 kr.
5 bílar á þessu tilboði.

Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Rekstrarleiga 29.355 kr. á mánuði.

Citroën C1 SX

1,0VVTi 68 hö 93 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 109 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 4,6 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 1.690.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 29.355 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 269.049 kr.
4 bílar á þessu tilboði.

Hringdu núna í síma 515-7000

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | brimborg.is

* Brimborg og birgjar fyrirtækisins áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 24 mán. sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári.

Nýtt. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði.

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlítrinn. Brimborg tryggir þér bensínlítrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á nýjum bílum.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og bensínverðvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.

Brimborgar á nýjum bílum:

Tilboð. Rekstrarleiga 73.523 kr. á mánuði.

Volvo S60 SE m/leðri

2,0T 180 hö 240 Nm sjálfskiptur 4 dyra
CO2 losun 202 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 10,1 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 5.272.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 73.523 kr.
á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 725.969 kr.
4 bílar á þessu tilboði.

Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Rekstrarleiga 59.950 kr. á mánuði.

Ford Escape XLS AWD

2,3i 153 hö 206 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 9,9 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.690.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 59.950 kr.
á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 549.943 kr.
6 bílar á þessu tilboði.

Hringdu núna í síma 515-7000

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Forsendur útreiknings rekstrarleigu miðast við andvirði fjögurra afborgana í tryggingafé. Ef leigutaki ætlar að nýta sér Bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. Lántökukostnaður eru vextir og stofngjöld vegna rekstrarleigu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita sölurádgjafar Brimborgar.

SR. ÞÓRIR KR. ÞÓRÐARSON PRÓFESSOR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1924.

„Lifandi augnablik er frjálst augnablik, hvorki fyrirfram ákvarðað af blindum örlögum né steypt í mót fortíðarinnar.“

Þórir Kr. Þórðarson var prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hann lést 26. febrúar 1995.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 9. JÚNÍ 1880

Hornsteinn lagður að Alþingishúsinu

Formleg bygging Alþingishúss Íslendinga hófst þennan dag árið 1980 með því að hornsteinn var lagður að því. Lóðin hafði áður verið í eigu Halldórs Kr. Friðriksson-ar yfirkennara og alþingismanns sem bjó við Kirkjustræti 12, í húsi sem síðar hlaut nafnið Líkn og er nú á Árbæjarsafni.

Teikningar að Alþingishúsinu gerði danski arkitektinn F. Meldahl, forstöðumaður Listaakademíunnar í Kaupmannahöfn. Yfirsmiður hússins var líka danskur og hét Bald. Húsið var byggt úr höggnu grágrýti sem var aðallega tekið á því svæði sem Óðinsgata er á núna. Húsið var ætlað bæði fyrir hið háa Alþingi og einnig söfn og á tímabili voru þar Landsbókasafn, Þjóðminjasafn og Þjóðskjalasafn, allt þangað til söfnin voru flutt í Safnahúsið við Hverfisgötu sem nú heitir Þjóðmenningarhús.

Alþingi kom fyrst saman í húsinu 1. júlí 1881 og hefur haldið þar ótal fundi síðan. Einnig hafði Háskóli Íslands þar aðsetur frá stofnun 1911 til 1940.

MERKISATBURÐIR

1741 Ferming barna er lögfest á Íslandi en hafði þó tíðkast um aldir.

1943 Hæstiréttur Íslands sýknar útgefendur Hrafnkels sögu Freysgoða sem höfðu gefið söguna út án samræmdrar stafsetningar fornrar.

1976 Benny Goodman, konungur sveiflunnar, kemur til Íslands og heldur tónleika á Listahátíð.

1994 Norsk-íslenska síldin sýnir sig aftur eftir 26 ára hlé.

1994 Á annað hundrað manns þurfa að yfirgefa brennandi fjölbýlishús í Keflavík.

2006 Heimsmeistaramót hefst í knattspyrnu á Allianz Arena í München.

AFMÆLI

Helgi Hjörvar alþingismaður er 41 árs.

Johnny Depp leikari er 45 ára.

Natalie Portman leikkona er 27 ára.

Michael J. Fox leikari er 47 ára.

BESTA MARKAÐSÁÆTLUNIN Hildur Inga Björnsdóttir hjá hönnunarfyrirtækinu, Xirenu, fékk verðlaun Útflutningsráðs fyrir sitt framlag.

Verðlaun Útflutningsráðs

Útflutningsráð Íslands stóð nýlega fyrir verkefninu Útflutningsaukning og hagvöxtur í samvinnu við ýmis fyrirtæki og stofnanir. Þau eru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Landsbankinn, Bakkavör Group, Byggðastofnun, Samtök iðnaðarins og Félag kvenna í atvinnurekstri.

Verkefnið var nú haldið í átjánda sinn á vegum Útflutningsráðs og enn kallast það þróunarverkefni fyrir bæði lítil og stór fyrirtæki sem hafa áhuga að hefja útflutning eða ef þau vilja styrkja stöðu sína á þeim vettvangi.

Í þetta skipti tóku fulltrúar átta fyrirtækja þátt í verkefninu. Verðlaun fyrir bestu markaðsáætlunina fékk Hildur Inga Björnsdóttir sem starfar hjá hönnunarfyrirtækinu Xirena.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SVERRIR MEÐ NÝJU BÓKINA „IBM á Íslandi var mikilvirkur þátttakandi í íslensku atvinnulífi í aldarfjórðung,“ segir Sverrir Ólafsson sem ritað hefur sögu fyrirtækisins. Fréttablaðið/GVA

SVERRIR ÓLAFSSON: SKRIFAÐI SÖGU IBM EFTIR 43 ÁRA STARF

Glefsur úr því sem gerðist

Sverrir Ólafsson viðskiptafræðingur verður sjötugur á árinu og nú undir lok starfsferilsins hefur hann skrifað bók um fyrirtækið sem hann hefur þjónað alla tíð. Hún nefnist Í vist hjá IBM og birtir svipmyndir úr sögu fyrirtækisins IBM á Íslandi sem var við lýði frá 1967 til 1992. „Þetta eru glefsur úr því sem gerðist,“ segir Sverrir. „Ég hef starfað í greininni frá því í október 1965. Þá réðist ég til starfa hjá Ottó Michelsen sem hafði umboð fyrir IBM. Eftir 1992 tók Nýherji við umboðinu. Hann hefur verið minn vinnuveitandi síðan, gefur bókina út og selur í verslun sinni í Borgartúninu.“

IBM er í grunninn bandarískt fyrirtæki. Það var í fararbroddi í framleiðslu gagnavinnslubúnaðar sem notaður var hjá stærri stofnunum og fyrirtækjum. Sverrir hefur fylgst með tækniþróuninni frá því gatspjöldin og gatspjaldavélarnar voru allsráðandi. „Þessar vélar fylltu heilu salina, voru sumar vatnskældar og vógu nokkur tonn. Þær fóru hér í stórfyrirtæki eins og Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar og Reiknistofu bankana. Síðan varð mikil breyting og vélar komu á markaðinn sem rúmuðust í einum skáp. Þannig var þróunin á þessum aldarfjórðungi sem bókin spannar, ummál tækjanna fór stöðugt minnkandi.“

Inntur eftir upprunanum kveðst Sverrir rótgróinn Reykvíkingur. Sem ungur maður stóð hann frammi fyrir því hvort hann ætti að taka við fyrirtæki föður síns sem hét Rúllu-og hleragerðin og sá um viðhaldsþjónustu fyrir togaraflotann. En leiðin lá annað eins og að framan hefur verið lýst. „Ég var aðallega í stjórnun og fjármálum hjá IBM. Kom minna að tæknilegum málum og var ekkert í viðgerðum,“ segir hann. Kveðst oft hafa farið á námskeið hjá IBM sem hafi rekið skóla í ólíkum greinum starfseminnar. „IBM hugsaði vel um sitt fólk. Það var líka meðal hæstu skattgreiðenda og studdi við menningu, vísindi og listir. Samt var það litið hornauga af vissum aðilum hér á landi sem töldu það vera að sölsa undir sig íslenskt atvinnulíf. Þó kostaði það kapps um að vera heiðarlegt og drengilegt en jafnframt stunda viðskipti með eðlilegum hætti.“

Sverrir segir íslenska útibúið stundum hafa átt í erfiðleikum með að uppfylla hinar alþjóðlegu kröfur IBM vegna fjarlægða og erfiðra samgangna. „Stundum voru fengnar sérstakar flugvélar með varahluti til landsins eða að menn voru sendir út og látnir sækja þá og á landsbyggðinni þvældust menn í stórhríðum á milli staða til að sinna viðgerðum. Frá því er meðal annars sagt í nýju bókinni,“ segir Sverrir sem tók saman efni í tvo þriðju hluta bókarinnar en þriðjungurinn er greinar eftir gamla starfsmenn og viðskiptamenn þar sem þeir rifja upp störf sín og viðhorf.“

Sverrir er nýkominn frá Berlín þar sem hann var í fjórar vikur að læra þýsku og nú er ekki vert að halda honum á snakki lengur því hann er á förum til Barcelona að halda hátíðlegt 50 ára stúdentsafmæli árgangs síns úr MR.

gun@frettabladid.is

Prentmet hlýtur silfurverðlaun

Árlega gengst SAPPI sem stendur fyrir South African Pulp and Paper Industries Corp, fyrir samkeppni prentgripa sem unnir eru úr pappír framleiddum í verksmiðjum þeirra.

Í ár kepptu um sex þúsund prentgripir víðsvegar um Evrópu frá yfir átta hundruð prentsmiðjum.

Íslenska fyrirtækið Prentmet ehf. var á meðal keppenda og hlaut silfurverðlaun evrópsku dómnefndarinnar fyrir verkið ársskýrsla fyrir Alfesca. Að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Prentmet ehf. er þetta mikill heiður fyrir íslenskan prentiðnað að hljóta þessi silfurverðlaun.

Þau Guðmundur Ragnar og Ingibjörg Steinunn Ingjaldsdóttir ásamt Guðjóni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Hvítlistar hf., sem er umboðsaðili SAPPI á Íslandi tóku við verðlaununum við hátíðlega athöfn í Hamborg, Þýskalandi nýverið.

MIKILL HEIÐUR Prentmet ehf. fékk silfurverðlaun fyrir besta prentgripinn í alþjóðlegri keppni meðal prentiðnaðarins.

Vinnustaðir - íþróttahús
Eigum fyrirliggjandi ódýra, læsanlega skápa fyrir föt eða persónulega muni.
Verðdæmi: 5 skápar í röð kr. 63.316

MECALUX
STRAUMUR HRAÐBERG
Gjótuhraun 1, 220 Hafnarfjörður • Sími 544 5330
Fax 544 5355 • straumur@straumur.is

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Næsta námskeið hefst 13. júní n.k.

Staðsetning í Mjódd
www.ovs.is
Ökur- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Á pallinum hennar Guðrúnar er alltaf logn og þar er notalegt að setjast niður til að lesa blöðin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alltaf logn á pallinum

Í rólegri götu í Árbænum finnst Guðrúnu Pétursdóttur best að sitja í sólstól úti í garði á sumrin.

„Á sumrin er uppáhaldsstaðurinn minn í húsinu ekki einu sinni í húsinu heldur á stéttinni fyrir utan, það er að segja á sólpallinum okkar þar sem er dásamlegt logn í norðanátt," segir Guðrún Pétursdóttir, lífeðlisfræðingur og framkvæmdastjóri Stofnunar Sæmundar fróða við Háskóla Íslands, þegar hún er spurð að því hver sé hennar uppáhaldsstaður á heimilinu.

„Þegar sólin skín í Reykjavík, og fólk fýkur þegar það fer fyrir húshorn niðri í bæ er logn í Árbænum. Þá er yndislegt að sitja í sólstól með kaffibollann sinn á gömlum kolli við hliðina á sér og reyna að lesa blöðin án þess að sofna of oft," segir Guðrún.

„Það er líka notalegt að liggja þarna í leti sinni úti í garði af því að Ólafur maðurinn minn er svo duglegur í garðinum. Þá er hann nálægt og við getum verið að spjalla saman, hvort um sig að gera það sem því finnst skemmtilegast. Hann að sinna garðinum og gera hann fallegan og ég að njóta þess," segir Guðrún sem greinilega getur slakað vel á yfir sumartímann.

Þó Guðrún geti á stundum verið róleg úti í garði á sumrin þá er ýmislegt fleira sem bíður hennar á næstu vikum. „Ég ætla að reyna að vera dálítið austur á Þingvöllum og vonandi skreppum við vestur á firði eins og við gerum oft á sumrin. Það eru engar utanlandsferðir á dagskrá. Þær eru venjulega ekki farnar á sumrin á okkar heimili því íslenska sumarið er bara of dásamlegt til að maður tími að missa af því," segir Guðrún.

martaf@frettabladid.is

Instal Crown Bag Big
Africa
Just Crown Bag Big
Chalien
Since Bag Big
Dottie

FRIIS COMPANY®
kringlan • 108 reykjavik

Ljósakrónur geta sett sterkan svip á herbergið. Stórar og miklar ljósakrónur eru vinsælar í dag og eru flottar yfir borðstofuborðinu eða jafnvel í eldhúsinu.

Sigtin eru hengd á snaga og úr verður ljós

Ljós í sigtinu

HVERS VEGNA EKKI AÐ HAFA HÚMORINN MEÐFERÐIS ÞEGAR VALIN ERU LJÓS Í ELDHÚSIÐ?

Þetta skemmtilega ljós, sem kallast einfaldlega sigti, er hannað af Nicolas Furrow. Ljósið er búið til úr venjulegum sigtum í mismunandi stærðum. Frumlegra gerist það varla.

Gakktu í bæinn

Litlir hlutir eins og hurðarhúnar geta skipt ótrúlega miklu máli fyrir heildarútlit heimilisins.

Hurðarhúnar fást í öllum stærðum og gerðum en eru fallegastir þegar þeir eru í stíl við hurðirnar sjálfar og umhverfið. Gamaldags hurðarhúnar eru til dæmis fallegir á fulningahurðir en stílhreinni húnar henta vel í nútímalegra umhverfi. Úrvalið er mikið og því ættu allir að gefa fundið nákvæmlega þá hurðarhúna sem passa best inn á heimilið. *- kka*

Þessi fallegi viðarhúnn er í anda þeirra sem voru algengir um aldarmótin 1900 og fram til 1920. Verslunin Brynja á Laugavegi flytur þá inn. Stykkið kostar 8.850 krónur.

Skráargat í stíl við húninn.

Í Byko er mikið úrval af hurðarhúnum. Þessi fallegi húnn er úr messing og kostar 2.145 krónur.

Þessir litlu kringlóttu húnar eru í anda 8. áratugarins og fást bæði á skápa og hurðir, með eða án læsingar. Þeir eru til í gylltu og silfruðu og kosta 2.150 krónur.



Húnn með bogadregnu handfangi sem passar bæði við eldri og nútímalegri innréttingar. Hurðarhúnninn fæst í Byko og kostar 3.748 krónur.

Ferkantað og stílhreint handfangið á þessum hurðarhúni passar vel inn á nútímalegt heimili. Húnninn fæst í Byko og kostar 6.845 krónur.

Hurðarhúnar af þessu tagi voru vinsælir í kringum árið 1928. Þeir fást í Brynju á Laugavegi og kosta 10.930 krónur.

„...fyrst á visir.is“

visir.is
...ég sá það á visir.is

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Útsölumarkaður
Z-brautir og gluggatjöld

Höfum opnað okkar vinsæla útsölumarkað í Faxafeni 14

Mikið úrval af efnum, púðum, handklæðum, dúkum og rúmfötum

Opið virka daga frá 13-18

Z-brautir og gluggatjöld
Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 525-8200

Mudder & míkróskurður
Dúndurtilboð á jeppadekkjum til 17. júní!

Allt að 30% afsláttur af völdum stærðum af „Mudderum“.

GT RADIAL MAXXIS

Dekkjastærðir á sértilboði:

30"	30x 9.50R15	Maxxis Bighorn	14.900
32"	32x11.50R15	Maxxis Bighorn	15.900
33"	33x12.50R15	Maxxis Bighorn	18.900
35"	35x12.50R15	Maxxis Bighorn	19.900
31"	31x10.50R15	GT Radial	15.900
33"	33x12.50R15	GT Radial	17.900
32"	265/75R16	GT Radial	16.900
33"	285/75R16	GT Radial	19.900
33"	305/70R16	GT Radial	19.900
32"	265/70R17	Maxxis Bighorn	16.900
33"	285/70R17	Maxxis Bighorn	23.900
33"	305/70R17	Maxxis Bighorn	23.900

Þú færð 25% afslátt af míkróskurði á dekkjum á tilboði!

Eigum einnig úrval af öðrum stærðum af heilsársdekkjum fyrir flestar gerðir jeppa og jepplinga á hagstæðu verði.

PIPAR • SÍA • 81220

JEPPADEKK.is
Akureyri • Réttarhvammi 1 • Sími 464 7900
Reykjavík • Tangarhöfða 15 • Sími 577 3080

Valsað ál fyrir þök og veggi

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum

ALCAN Novelis

Ál er okkar mál

ÁLTAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

bazooka.is

fasteignir

9. JÚNÍ 2008

www.domus.is | Borgarnes | Akranes

domus FASTEIGNASALA

María Magnúsdóttir
Löggiltur fasteignasali, hdl
669 7936
maria@domus.is

Arnarklettur - 310 Borgarnes
Einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr, Húsið er 273,9 fm að stærð. Efri hæðin skiptist í anddyri, gestasnyrtingu, fjögur herbergi, sjónvarpsherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús, gang, geymslu og geymsluloft. Auka íbúð á neðri hæð.
Tilboð

Egilsgata - 310 Borgarnes
Þriggja herbergja íbúð á annari hæð, 116 fm að stærð. Frábært útsýni. Íbúðin skiptist opið rými sem skiptist í forstofu, eldhús og stofu, gang, þvottahús, tvö svefnherbergi, baðherbergi og geymslu.
Sameiginleg geymsla í kjallara.
23,9 millj.

Gunnlaugsgata - 310 Borgarn.
Einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er 113,2 fm að stærð. Frábært útsýni. Frábær staðsetning. Stutt í skóla. Húsið skiptist í, forstofu/gang, eldhús, stofu og herbergi innaf stofu, neðri hæð, baðherbergi og tvö herb.
21,2 millj.

Helgugata 9 - 310 Borgarnes
Einbýlishús 221,8 fm og bílskúrinn er 29,2 fm eða samtals 251 fm. Húsið er á einni hæð og skiptist í forstofu, hol, eldhús, baðherbergi, stofu og borðstofu, fimm svefnherbergi, sólstofu/viðbygging, þvottahús, geymslu og innangengt í bílskúr. Frábært útsýni.
Tilboð

Höfðaholt - 310 Borgarnes
Húsið er 247,3 fm á tveimur hæðum. Neðri hæðin skiptist í forstofu, fjögur herbergi, eldhús, þvottahús, búr(geymsla), baðherbergi og stofu. Efri hæðin skiptist í tvö herbergi og fjölskyldurými með útgengi á svalir með góðu útsýni. 37,8 fm bílskúr.
Tilboð

Lækjarbrekka - 311 Borgarnes
Einbýli í Borgarbyggð í landi Skeljabrekku. Húsið er 141 fm og bílskúrinn er 31,8 fm. Húsið skiptist í forstofu, gang, eldhús, baðherbergi, stofu, þrjú svefnherbergi, sólstofu, þvottahús, geymslu og innangengt í bílskúr. Fimm mín. akstur frá Borgarnesi.
38,0 millj.

Byggðu framtíðina á traustum grunni | Borgarbraut 61 | 310 Borgarnes | Sími 440 6140

Húsið er sérstakt að lögun og með stóra glugga.

Garðurinn sérhannaður

Fasteignasalan Remax Torg hefur til sölu stórt einbýlishús hannað af Halldóri Gíslasyni. Með eigninni fylgir sérhannaður garður og verönd með heitum potti.

Um er að ræða stórt einbýlishús með góðu útsýni í Garðabæ. Góður garður fylgir húsinu, hannaður af Pétri Jónssyni, með fallegri lýsingu og fjölbreyttum gróðri. Á verönd er heitur pottur.

Innanhússhönnun er samræmd í öllu húsinu. Gólfefni eru úr náttúrusteini og suðurríkja-eikarparketi. Loftklæðning er úr brasilískri furu. Á efri hæð er tvöföld hurð með gleri sem skilur að forstofu og íbúð, en í forstofunni er gott skápapláss. Gestasalerni er nýuppgert með sérsmíðaðri innréttingu og nýjum blöndunartækjum. Í holi er fallega steyptur veggur sem skilur að stofuna og holið.

Eldhúsinnréttingin er sérsmíðuð með graníti á borðum og rúmgóðum eldhúskrók. Útgengt er út í garð úr eldhúsinu. Inn af eldhúsi er rúmgott búr með innréttingu og góðri vinnuaðstöðu. Gengið er inn í borðstofu frá eldhúsi. Stofan er rúmgóð með mikilli lofthæð, innfelldri lýsingu og góðu útsýni.

Á neðri hæð er rúmgóð koníakstofa með arni og dyrum út á svalir. Á hæðinni eru fjögur rúmgóð svefnherbergi. Inn af hjónaherbergi er fataherbergi.

Á neðri hæðinni er þvottahús með innréttingu og gott geymslurými. Bílskúrinn er með heitu og köldu vatni, rafmagnshurðaopnara og góðu skápaplássi.

Á ils.is getur þú:
- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

Önnur þjónusta á ils.is:
- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsumsókn
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

domus
FASTEIGNASALA

Linda B. Stefánsd.
lögg. fasteignasali
Reykjavík

200 Kópavogur

Verð	64,9 millj.
Fjöldi herb.	6
Stærð	280 fm
Byggingarár	1973
Annað	Glæsileg eign

Álfhólsvegur 133a

Glæsilegt 6 herbergja einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr miðsvæðis í Kópavogi. Útgengi er frá stofu og sjónvarpsherbergi á pall og þaðan út í suður garð. Mjög snyrtileg aðkoma og fallegur garður.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100

220 Hafnarfjörður

Verð	62,9 millj.
Fjöldi herb.	6
Stærð	187,8 fm
Byggingarár	1977
Annað	Einbýlishús

Einihlíð 6

Einstaklega glæsilegt einbýlishús á einni hæð. Hátt til lofts, fallegur gróinn garður. 4 rúmgóð svefnherbergi og sjónvarpsherbergi. Um 65 fm. skjólgóður pallur með útgengi út frá stofu. Hiti í bílaplani og stéttum fyrir framan hús. Frábær eign á góðum stað í Hafnarfirði.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100

112 Grafarvogur

Verð	51,9 millj.
Fjöldi herb.	4
Stærð	164,1 fm
Byggingarár	2001
Annað	Raðhús á einni hæð.

Barðastaðir

Glæsilegt og einstaklega vandað raðhús á einni hæð með bílskúr á besta stað í Grafarvogi. Útgengi út á stóran og skjólgóðan pall út frá stofu með frábæru útsýni. Hiti í stétt og bílaplani. Sjón er sögu ríkari.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100

105 Reykjavík

Verð	26,9 millj.
Fjöldi herb.	3
Stærð	93 fm
Byggingarár	1949
Annað	Endurnýjuð eign

Bólstaðarhlíð

Virkilega falleg og mikið endurnýjuð íbúð á þessum vinsæla stað í Hlíðunum. Búið að taka gren og skólp, hitalagnir nýjar. Í sumar verður húsið viðgert og steinað að utan, gluggar yfirfarnir og opnanleg fög endurnýjuð allt á kostnað seljanda. Frábær eign á góðum stað.

Elsa Þórólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013

111 Reykjavík

Verð	17,4 millj.
Fjöldi herb.	3
Stærð	84,1 fm
Byggingarár	1973
Annað	Áhvílandi hagstætt lán

Gyðufell

Góð eign með 2 rúmgóðum svefnherbergjum, hjónaherbergið með góðum nýlegum skápum. Stofan er rúmgóð og björt með útgengi út á yfirbyggðar svalir. Húsið er klætt að utan með viðhaldslítilli klæðningu. Sameign er mikið endurnýjuð. Laus við kaupsamning.

Elsa Þórólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013

Húsin eru enn í byggingu en áætlað er að afhenda íbúðirnar í lok sumars.

270 Mosfellsbær: Þaksvalir og gófhiti

Kvíslartunga 54: Þriggja hæða raðhús

Fasteignasalan Húsið hefur til sölu 240 fermetra raðhús í byggingu á góðum stað í Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Mikil lofthæð er í húsinu og möguleiki á þaksvölum.

Lýsing: Mikil lofthæð er á öllum hæðum hússins og möguleiki á hússtjórnarkerfi sem stýrt getur hita, útvarpi, sjónvarpi og ljósum. Hiti er í gólfum hússins. Teikningar bjóða upp á mismunandi innra skipulagi á fyrstu hæðinni. Lofthæðin á þeirri hæð er rúmir þrír metrar í suðurhluta hússins. Einnig er mikil lofthæð á annarri hæðinni. Möguleiki er á að nýta þakið undir svalir en þar er stór þakgluggi með öryggisgleri sem gefur góða birtu inn í húsið. Þakið er með steyptri umgjörð, handriði þar ofan á og glugginn með öryggisgleri. Svalir eru á húsinu. Þrjú baðherbergi eru í hverri íbúð, eitt með sturtu og baðkari, en hin tvö með sturtuaðstöðu. Sérbaðherbergi er út frá aðalsvefnherberginu. Gluggar hússins eru stórir og ná niður í gólf á hornum. Húsin afhendast fullbúin að utan með grófjafnaðri lóð og fokheld að innan. Teikningar og nánari upplýsingar má finna á fasteignasölunni Húsið.

Söluverð: 41,5-44,5 milljónir. Eignaskipti koma til greina.

Fjarðargötu 17
Hafnarfirði
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang: as@as.is
www.as.is
Opið virka daga
kl. 9–17

ÁLFHOLT Fallegt 209 fm raðhús m/bílskúr á fjölskylduvænum stað. 4 sv.herb. Svalir og verönd. **Verð 38,4 millj.** 6823

ERLUÁS - GLÆSILEGT ÚTSÝNI Sérlega falleg 102 fm 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ í fallegu fjölbýli. SÉRINNGANGUR. Parket og flísar. **Verð 29,8 millj.** 7636

BURKNAVELLIR - Sérlega falleg 91,7 fm íbúð á 3. hæð á góðum stað. 2 sv.herb. Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu. Verð 23,0 millj. 7100

BORGARHRAUN - TVÆR ÍBÚÐIR EF VILL GLÆSILEGT MIKIÐ ENDURNÝJAÐ 113,6 fm EINBÝLI á einni hæð, ásamt 51 fm BÍLSKÚR og 33,1 fm SKÁLI, eða samtals 197,7 fm Verð 36,8 millj. 4660

ELDRI BORGARAR



NAUSTAHLEIN - LAUS STRAX Frábært einnar hæðar 60 fm 2ja herb. RAÐHÚS fyrir eldri borgara Verð 23,2 millj. 7519

ERLUÁS Glæsilegt 290 fm fullbúið einbýli á 2 hæðum á frábærum útsýnisstað. 5 svefnherbergi. Glæsil.r innréttingar og gólfefni. Góð verönd með skjólveggjum og heitum pott. Laust við kaups. Verð 89,9 millj. 6875

HÆÐIR

ÖLDUSLÓÐ - BÍLSK. Falleg 129,7 fm NEÐRI SÉRHÆÐ. BÍLSKÚR í þríbýli Verð 35,8 millj. 7658

SUÐURBRAUT Falleg 100,9 fm 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í góðu litlu fjölbýli á góðum útsýnisstað. 3 möguleg 4 svefnherbergi. Verð 23,5 millj. 7539

2JA HERB.

NORÐURBAKKI Glæsileg 69,2 fm 2ja herb. íbúð á jarðhæð merkt 01-05 ásamt 6,2 fm sérgeymslu. Stæði í bílageymslu. ***Íbúðin afh. fullb. án gólfefna nema á baðherbergi og þv.húsi verða flísar.*** 6643

AUSTURHÓP - LAUST STRAX Sérlega fallegt 157,1 fm einbýli á einni hæð, ásamt 57,9 fm bílskúr, samtals 215,0 fm Afhendist fullbúið að utan, tæplega tilbúið undir tréverk að innan. Verð 28,5 millj. 7253

HERJÓLFSGATA - GLÆSILEGT ÚTSÝNI Nýleg afar vönduð og glæsileg 131 fm 3ja til 4ra herb. íbúð á 3. hæð. Verð 46,9 millj. 7356

LYNGBERG - SÉRLEGA FALLEGT Fallegt mikið endurnýjað 132,4 fm einbýli á einni hæð, ásamt tvöföldum 53,2 fm bílskúr, samtals 185,6 fm á góðum stað innst í botnlanga. Verð 52,9 millj. 7434

ENGJAVELLIR - GLÆSILEG - LAUS STRAX Ný og GLÆSILEG FULLBÚIN 128 fm 4ra til 5 herbergja EFRI SÉRHÆÐ í fallegu nýju fjögurra íbúða húsi á besta stað í nýja Vallahverfinu. Verð 35,0 millj. 7557

DREKAVELLIR - JARÐHÆÐ Sérlega falleg og vönduð íbúð með stórri afgirtri lóð. Uppþvottavél og ískápur fylgja með íbúðinni. Verð 27,5 millj. 7249

ÁLFHOLT - GLÆSILEGT ÚTSÝNI Falleg 66,1 fm 2ja herbergja íbúð á 4. hæð í góðu fjölbýli á frábærum útsýnisstað. Parket og flísar. Stórar svalir. Verð 16,9 millj. 7438

EFSTAHRAUN Fallegt talsvert endurnýjað samtals 190 fm EINBÝLI á einni hæð, bílskúrinn er 46 fm Verð 29,5 millj. 7288

EINBÝLI

NORÐURTÚN - ÁLFTANES Einstaklega fallegt og mikið endurnýjað einnar hæðar einbýli. Glæsilegur garður og pallar. Eign sem verður að skoðast. Verð 53,6 millj 7670

DREKAVELLIR - SKIPTI MÖGULEG Fallegt 183 fm einbýli á einni hæð ásamt 30 fm bílskúr, samtals 213,8 fm Skilast fullbúið að utan, rúmlega fokhelt að innan. LAUST STRAX. Verð 42,9 millj. 7351

SUÐURGATA - BÍLSKÚR Björt og vel skipulögð 171 fm hæð m/bílskúr í fjórbýli. 4. sv.herb. SV-svalir. Verð 35,8 millj. 7553

LYNGMÓAR 3 - MEÐ BÍLSKÚR Falleg 113 fm 4ra til 5 herbergja ENDAÍBÚÐ á 2. hæð m/BÍLSKÚR í góðu 6 íbúða húsi í HJARTA GARÐABÆJAR. Stórar svalir. Góð staðsetning. Verð 28,7 millj. 7250

ÁLFASKEIÐ - M. BÍLSKÚR Falleg talsvert endurnýjuð 63,2 fm 2ja herbergja íbúð á 4. hæð, auk 23,7 fm bílskúrs. Verð 18,5 millj. 7347

STAÐARHRAUN Mikið endurnýjað 209 fm einbýli m/bílskúr. 23 fm herb. inn af skúr, mögul. á séríbúð. Verð 29,2 millj. 7228

LINDARFLÖT - GARÐABÆR Sérlga gott einnar hæðar einbýli á Flötunum í Garðabæ. Góður bílskúr og stór lóð. Verð 56,9 millj. 7662

ÞRÚÐVANGUR - LAUST STRAX Fallegt 233,4 fm einbýli m/bílskúr innst í botnlanga við hraunjaðarinn. 5 sv.herb. Stór sólarverönd. **Verð 66,0 millj.** 6896

VEGHÚSASTÍGUR - UPPGERT Ný uppgerð 123 fm sérhæð. Sérinng. Hérna er allt nýtt, lagnir og innréttingar. Verð 39,9 millj. 7503

SUÐURBRAUT Rúmgóð 112,3 fm endaíbúð á 3. hæð. 3 sv.herb. Hús nýlega viðgert að utan. Frábært útsýni. Verð 24,3 millj. 7065

EYRARHOLT Falleg 62,4 fm íbúð á 3. hæð á góðum útsýnisstað. Sameign góð að utan sem innan. Verð 16,3 millj. 7058

STAÐARVÖR - Mikið endurnýjað 147,5 fm einbýli m/bílskúr. 4 sv.herb. Verönd og pottur. Verð 24,9 millj. Skipti á ódýrari eign kemur til greina. 7022

HOFSLUNDUR - GARÐABÆ Sérlega fallegt og mikið endurnýjað einbýli í neðstu lundum í Garðabæ. Stór 980fm eignarlóð. Verð 59,8 millj. 7650

MÓABARÐ - FALLEGT ÚTSÝNI Fallegt 148 fm einbýli m/bílskúr á rólegum og góðum útsýnisstað. Allt að 4 sv.herb. Verð 36,9 millj. 6870

DAGGARVELLIR - ALLT AÐ 90% LÁN Sérlega falleg 128,9 fm EFRI SÉRHÆÐ í nýlegu 4ra íbúða húsi á frábærum stað í HRAUNINU á Völlunum. Verð 32,9 millj. 7488

3JA HERB.



KRÓKAHRAUN - LAUS STAX Góð 88,8 fm 3ja til 4ra herb. ENDAÍBÚÐ á 1. hæð í klasahúsi á og rólegum stað. Verð 22,4 millj. 7665

GRINDAVÍK



AUSTURVEGUR Fallegt talsvert endurnýjað 172 fm einbýli með bílskúr á góðum stað. SKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN. Verð 26,9 millj. 7680

BLÓMSTURVELLIR - AUKAÍBÚÐ 150 fm einbýli m/bílskúr sem breytt hefur verið í íbúð. Stór verönd og heitur pottur. Verð 22,9 millj. **6604**

AUSTURGATA Fallegt 106,6 fm EINBÝLI, ásamt risi og kjallara sem eru ekki inni í fermetrum. FRÁBÆR STAÐSETNING Í MIÐBÆ HAFNARFJARÐAR. 7667

RAÐ- OG PARHÚS

MIÐVANGUR 188,2 fm raðh. m/bílskúr. 4 sv.herb. Svalir og falleg ræktuð lóð. Verð 41,8 millj. 7209

ÖLDUSLÓÐ - EFRI HÆÐ Í TVÍBÝLI 3ja til 4ra herb. risíbúð með fallegu útsýni. Eignin er 72 fm en er mun stærri þar sem töluvert er undir súð. Verð 19,0 millj. 7397

AKURVELLIR - LYFTUHÚS Falleg og björt 91 fm íbúð á Völlunum í nýlegu lyftuhúsi. Gólfefni eru flísar og parket. Stórar svalir. Verð 22,4 millj. 7489

ÁSABRAUT - GLÆSILEG Glæsileg 96,2 fm 3ja herb. ENDAÍBÚÐ á efri hæð í litlu nýlegu fjölbýli á frábærum stað í jaðri byggðar. SÉRINNGANGUR. Verð 20,2 millj. 7639

AUSTURVEGUR - 143 fm einbýli m/bílskúr. 3 sv.herb. Verönd og pottur. Verð 20,5 millj. **3790**

HRINGBRAUT Nýlegt og glæsilegt 203 fm einbýli á tveimur hæðum, ásamt 40 fm bílskúr, samt. 243 fm 4 herbergi. Húsið er vel staðsett i hjarta Hafnarfjarðar, mikil veðursæld, stórar svalir. Verð 62,9 millj. 7555

STEKKJARHVAMMUR Fallegt og vel byggt 183 fm RAÐHÚS á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr Verð 43,5 millj. 7617

LÆKJARBERG - LAUS STRAX 121,4 fm neðri hæð í tvíbýli m/bílskúr. 2 sv.herb. Sérinngangur. Verönd. Frábær staðsetning. Verð 28,9 millj. Laus við kaups. 7053

DREKAVELLIR - jarðhæð m/verönd Sérlega falleg og rúmgóð íbúð á jarðhæð með sér afgirtri verönd í litlu fjölb. Fallegar flísar á gólfum, baðkar og sturta. Verð 24,5 millj. 7440

FORNAVÖR - GLÆSILEGT Nýlegt 153,5 fm EINBÝLI á einni hæð, ásamt 47,3 fm BÍLSKÚR, samtals 200,8 fm á fábærum stað við hraunjaðarinn. 4766

ATVINNUHÚSNÆÐI

TRÖNUHRAUN 3 Gott 258,4 fm atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum sem skiptist niður í 138,4 fm fm gólffleót, ásamt ca: 120,0 fm milliloft. Verð 36millj. 7541

ÁLFHOLT - m/aukaíbúð Einbýli/raðhús (áfast litlu fjölbýli) á þrem hæðum í Álfholtinu í Hafnarfriði. Eignin er alls 277 fm Á 1. hæð er aukaíbúð. Verð 52,7 millj. 7335

STEKKJARHVAMMUR Fallegt mikið endurnýjað 160 fm raðhús á tveimur hæðum, ásamt 25 fm innbyggðum bílskúr, samtals 185,2 fm 4 svefnherbergi. Verð 42,5 millj. 7496

ÁLFHOLT 161 fm efri hæð og ris í klasahúsi. 4 sv.herb. Sérinngangur. Frábært útsýni. Verð 31,9 millj. **6260**

HRINGBRAUT - 3JA TIL 4RA Herb. Falleg talsvert endurnýjuð 80,0 fm 3ja til 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu tví-/fjórbýli á góðum stað í suðurbænum. Verð 19,9 millj. 7439

ÁRNASTÍGUR - LAUST STRAX NÝLEGT og GLÆSILEGT 133 fm ENDARAÐHÚS á einni hæð með BÍLSKÚR, á góðum og rólegum stað í nýlegu hverfi. Verð 24,9 millj. 7606

FJARÐARGATA - TIL SÖLU EÐA LEIGU „LAUST STRAX“ 193 fm skrifst.húsn. Á BESTA STAÐ. „LYFTA“ 4 góð herbergi. 7223

ERLUÁS - EINBÝLI Á 1 HÆÐ Fallegt 194 fm einbýli á einni hæð með innb. bílskúr. Góð staðsetning og stórir pallar. Verð 62 millj. 7516

FÍFUVELLIR - FLOTT RAÐHÚS Fallegt og vel skipulagt 201,2 fm raðhús m/bílskúr á góðum stað. 4 sv.herb. Skóli og leikskóli í göngufæri. **Verð 47,9 millj.** 4907

4RA TIL 7 HERB.



SUÐURVANGUR Fallegt talsvert ENDURNÝJUÐ 103,5 fm 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ á 1. hæð í góðu fjölbýli. Verð 21,5 7044

VEGHÚSASTÍGUR - UPPGERT Vorum að fá í sölu flotta uppgerða hæð í þríbýli á þessum rólega stað. Sér inngangur. Fallegt hús. Verð 37,9 millj. 7315

VÖRÐUSUND 2 - LAUST STRAX Nýtt og gott 49 fm ENDABIL, ásamt ca: 15 fm millilofti, samtals 64 fm í nýju atvinnuhúsnæði á góðum stað við höfnina. Verð 7,5 millj. 7607

GRANDATRÖÐ - LAUST FLJÓTLEGA Nýlegt og glæsilegt atvinnuhúsnæði (ENDABIL) á góðum stað. Hæðin er 201,2 fm og milliloft 73,5 fm, samtals 274,7 fm Verð 49,5 millj. 7510

Kári Halldórsson, lögg. fasteignasali – Jónas Hólmgeirsson – Eiríkur Svanur Sigfússon, lögg. fasteignasali – Melkorka Guðmundsdóttir

Stóreign kynnir:
Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lágmúli 7. 108 Rvk.
Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fast.sali
storeign.is FAX 535 1009

Þarftu að losa fjármagn?

- Er núverandi húsnæði óhentugt?
- Vantar ykkur stærra húsnæði eða nýjar höfuðstöðvar?
- Við útvegum ykkur nýtt húsnæði til leigu og seljum ykkar húsnæði á sama tíma.

Frum

Hafið samband og fáið nánari upplýsingar.

Stóreign

fremstir í atvinnufasteignum

Frum

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009

Laufengi - 4ra herb.

OPIÐ HÚS Í DAG KL 18-19.

106.4 fm fjögurra herbergja íbúð sem skiptist í stofu með S.A. svölum, eldhús, 3 svefnh., miðjuhol, forstofu og bað með baðkeri, sturtu og þvottahúsi innaf. Stofan rúmgóð og hefur verið tekinn niður veggur og opið er inn í gott eldhúsið. Við það verður íbúðin mun bjartari og rúmbetri. **Verð 25.9 millj.**

Stórholt - 3ja herb.

67 fm íbúð mjög miðsvæðis í 105 Reykjavík. Íbúðin er björt og skemmtileg með góðu útsýni. Parket og hurðar úr Eik. Baðherbergi flísalagt með ljósri innréttingu. **Verð 23.5 millj**

Leitum að eignum sem þarf að gera upp, allar stærðir.

Leitum að tvíbýlishúsi í Smáíbúðahverfi.

Leitum að raðhúsi á einni hæð með bílskúr undir 50 millj.

Leitum að stórri sérhæð, pareða raðhúsi á svæði 107 og 170. Verð allt að 60 millj.

OPIÐ HÚS Í DAG 17.00 - 18.30

Línakur - 4.herb.

Fallegar nýjar íbúðir. Allt tréverk í íbúðunum er úr eik fyrir utan þvottah. Þar eru hvítar innr. Bað og þvottah. með flísum og gólfhita. Allar innihurðir eru yfirfelldar. **Verð frá 34.9 millj.**

OPIÐ HÚS Í DAG KL 17.30 – 18.00

Engihjalli - LÆKKAÐ VERÐ

84 fm þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðin skiptist í 2 svefnh. stofu, eldhús og bað. Sérgeymsla á jarðhæð. Þvottah. Á hæðinni.
Verð 19,9 millj.

OPIÐ HÚS Í DAG KL 17.00-18.30

Hallakur - Ný 3ja herb.

Glæsileg 3ja herb íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli með útgengi í garði. Eikarparket og flísar á gólfum. Eikar innréttingar. Glæsileg eign mjög miðsvæðis og stutt í aðal umferðaræðar.
Verð 29.5 millj.

Bollagarðar - Seltjarnarnesi - Útsýni.

200 fm tvílyft einbýlishús að meðtöldum bílskúr á þessum góða stað á Seltjarnarnesi. Eignin skiptist í anddyri, hol, eldhús, 4 herb., 2 baðh., þvottah. og geymslu. Suðurverönd með timbur skjólveggjum. Frábært útsýni til norðurs.

Stararimi - einbýlishús með útsýni

Fallegt 165 einbýlishús á einni hæð með 32.3 bílskúr. Eignin skiptist í 3 svefnh., baðherbergi með hornbaðkeri, eldhús með nýlegri innréttingu, samliggjandi stofu og borðstofu. Til suðvesturs er stór falleg afgirt hellulögð verönd. *Vönduð eign á frábærum stað.* **Verð 55 millj.**

Hjallabraut - 4ra herb.

108,1 fm² á 3. hæð við Hjallabraut, Hafnafirði. Íbúðin skiptist í forstofu, borðstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og hjónaherbergi.
Verð 22.5 millj.

Kúrland 19 - Raðhús

300 fm raðhús. Eignin er á 2 hæðum og er stór skjólsæll garður. Húsið skiptist í anddyri, stofu, eldhús, 4 herb. og baðh. á efri hæð og á neðri hæð forstofu, hol, 4 herb., snyrtingu, þv.hús og geymslu. Íbúðin er skráð 276.1 fm og bílskúrinn 25.6 fm með köldu vatni og rafmagni. **Verð 67 millj.**

Hjarðarhagi - UPPGERÐ-4ra m/ bílskúr

Falleg 109 fm íbúð á 1. hæð með bílskúr. Baðh. er allt flísalagt t.f.þv.vél og þurrkara. Á gólfi náttúrusteinn. Baðkar með sturtu. Eldh. er með hvítri háglans innr, eikar plötu og á gólfi náttúrusteinn. Svefnh, gangur og stofa með Kährs eikarparketi með **30 ára ábyrgð. Verð 30.9 millj.**

Seljuskógur 18 - Akranesi - 100% lán

Húsið er 213 fm Kanadískt timburhús. Búið er að klæða húsið að utan, setja veggjagrindur, rafmagnstöflu og vatnslagnir. Innangengt er í 26 fm bílskúrinn. **Verð 30 millj**

Fróðengi - 3ja herb. með bílskúr.

114.9 fm íbúð á annarri hæð í litlu fjölbýli. Eignin skiptist í eldhús, baðherbergi, 2 svefnherbergi, þvottahús og stofu. Bílskúr 21.4 fm fylgir. Sér geymsla og hjólageymsla á jarðhæð.
Verð 28.9 millj.

Baugakór - Laus 3ja herb m/bílageymslu

97 fm 3 herb íbúð með bílageymslu, íbúðin skiptist í stofu eldhús og baðherbergi, 2 svefnherbergi og þvottahús inní íbúð. Fullbúin fallegum innréttingum. **Verð 25.9 millj.**

Unnarbraut - Seltjarnarnesi -parhús

212.7 fm parhús. E**fri hæð**: Forstofa, 2 baðh., 2 saml. stofur, 3 svefnh. og sjónvarpshol. **Í kjallara séríbúð:** Forstofa, 2 svefnh., bað, þvottah., eldhús og stofa. MÖGULEIKI Á GÓÐUM LEIGUTEKJUM AF KJALLARAÍBÚÐ.

Þorfinnsgata 101 - nálægt Landsspítala.

4ra herb. íbúð 77.3 fm á 2. hæð auk 14.09 fm herbergis í kjallara með sameiginl. salerni. ***Tilvalið til ÚTLEIGU*** . 8.4 fm geymsla, alls 100,6 fm Íbúðin skiptist í gang, eldhús, tvær stofur, 2 svefnh. og bað. Sameiginlegt þvottah. í kjallara. Sjón er sögu ríkari. **TILBOÐ**

Stigahlíð - 3ja herb.

84 fm íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Stutt frá H.R. og Kringlunni. Íbúðin öll endurnýjuð, ný gólfefni, nýtt rafmagn, eldhúsinnr. lökkuð og uppfærð, nýjar flísar, tæki og blöndunartæki á baði. Sem sagt; **íbúð í topp stand**i.
Verð 24.4 millj.

Flétturimi - 3ja herb. - Bílskýli

102.5 fm íbúð þ.m.t. stæði í bílskýli. Endaíbúð meö hátt til lofts og einstaklega björt. Þvottaherbergi innan íbúðar. Stórar suðursvalir með miklu útsýni. Eikarparket á allri íbúð nema baði og þvottah.
Verð 22.5 millj.

Tjarnarmýri - 2ja herb með bílskýli

Mjög falleg og vel skipulögð 58.5 fm tveggja herb. íbúð á 2 hæð fjölbýli á Seltjarnarnesi. Stæði í lokuðu bílskýli fylgir. Eignin skiptist í hol, eldhús, stofu, svefnh og bað.
Verð 21.5 millj.

Sörlaskjól - sérhæð með bílskúr

Nánast algjörlega endurnýjuð 109,2 fm sérhæð ásamt 25,1 fm bílskúr á þessum góða stað í vesturbæ Reykjavíkur. Mikið útsýni frá stofu og borðstofu til suðurs og vesturs. Útgengt á suð-vestur svalir úr stofu.

Jón Arnór gerði vissulega sitt, hann var með 8 stig, 3 fráköst og 2 stolna á bolta á 24 mínútum auk þess að spila grimma vörn og taka að sér leiðtogahlutverk á vellinum.

„Þetta var allt í lagi hjá mér í dag. Ég hef ekki verið að hitta neitt en hef samt verið mjög einbeittur í leikjunum. Ég verð nú eiginlega að viðurkenna það að ég hef verið í smá sálfræðikrísu og kannski of mikið að hugsa um þessi skot. Þetta hefur aðeins eyðilagt fyrir mér því ég hef ekki verið með nógu mikið sjálfstraust sóknarlega," sagði Jón Arnór sem hitti úr 3 af 6 skotum. „Mér leið betur í kvöld og setti niður tvo þrista. Ég er einbeittur og í þokkalega góðu formi og þetta er allt að koma í sókninni," sagði Jón Arnór að lokum. - óój



NÓG AÐ GERA Dómarinn Garðar Örn Hinriksson var afar spjaldaglaður og hafði í nógu að snúast á Laugardalsvelli á leik Fram og Grindavíkur í gær og rak þrjá Grindvíkinga af velli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Grindvíkingar lögðu Framara að velli 0-1 í viðburðaríkum leik á Laugardalsvelli:

Eitt mark en þrjú rauð spjöld

FÓTBOLTI Grindavík sigraði Fram með einu marki gegn engu á Laugardalsvelli en gestirnir misstu þrjá leikmenn út af með rautt spjald í hreint út sagt ótrúlegum seinni hálfleik.

Það var mikið jafnræði með liðunum í fyrri hálfleik en fátt sem gladdi augað.

Í seinni hálfleik gerðust hins vegar hlutirnir. Á 56. mínútu fengu Grindvíkingar vítaspyrnu sem Andri Steinn tók en Hannes Þór varði í horn. Upp úr horninu kom svo fyrsta mark leiksins en í fyrstu leit út fyrir að Scott Ramsay hefði skorað beint úr horninu, en það var varnarmaðurinn Zoran Stamenic sem náði víst að skalla boltann í netið.

Tæpum fimm mínútum síðar dró heldur betur til tíðinda þegar Framarar fengu dæmda vítaspyrnu sem Grindvíkingar mótmæltu harðlega. Marinko Skaricic gekk harðast fram í mótmælunum og fékk fyrir vikið tvö gul spjöld á stuttum tíma og þar með rautt. Grindvíkingar þar með orðnir einum færri, en Paul McShane skoraði hins vegar ekki úr vítaspyrnunni.

Framarar pressuðu stíft að marki Grindavíkur í framhaldinu en þeir náðu ekki að reka endahnútinn á sóknarlotur sínar. Á 86. mínútu var markaskorarinn Stamenic svo rekinn af velli eftir að hafa fengið sitt annað gula spjald. Á 89. mínútu versnaði staða gestanna svo enn frekar þegar Scott Ramsay fékk að líta gula spjaldið í annað sinn fyrir leikaraskap og Grindvíkingar því þremur leikmönnum færri. Þrátt fyrir það náðu Grindvíkingar að halda velli og hala inn þrjú mikilvæg stig og fyrirliðinn Eysteinn Hauksson var að vonum sáttur við það.

„Ég er fyrst og fremst ánægður með að taka þrjú stig. Framarar hafa spilað vel og þetta eru því góð úrslit fyrir okkur. Ég verð að hrósa liðsfélögum þó að ég sé ósáttur við að menn séu að fá þessi klaufalegu spjöld og við þurfum að fara yfir þetta, það er klárt mál," sagði Eysteinn. - óþ

0-1

Fram – Grindavík

Laugardalsvöllur, áhorf.: 602 — Garðar Örn Hinriks. (6)

0-1 Zoran Stamenic (57.). Rautt spjald: Marinko Skaricic (61.), Zoran Stamenic (86.), Scott Ramsay (89.).

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	14 - 15 (5-7)
Varin skot	Hannes Þór 6 – Zankarlo 5
Horn	9-9
Aukaspyrnur fengnar	15-12
Rangstöður	3-2

FRAM 4-5-1		GRINDAV. 4-5-1	
Hannes Þ. Halldórs.	7	***Zankarlo Simunic**	**8**
Daði Guðmundsson	6	Michael Jónsson	7
Auðun Helgason	6	Zoran Stamenic	7
Óðinn Árnason	6	Marinko Skaricic	4
Sam Tillen	5	Jósef Jósefsson	6
Paul McShane	6	Scott Ramsay	7
(90., Grímur Gríms.	-)	Páll Guðmunds.	6
Halldór Jónsson	5	(76., Bogi Einarsson	-)
Ingvar Ólason	6	Andri S. Birgisson	6
Heiðar Júlíusson	6	Eysteinn Hauksson	6
Ívar Björnsson	5	Alexander Þórarins.	6
(82., Joseph Tillen	-)	(67., Orri Hjaltalín	7)
Hjálmar Þórarins.	5	Tomasz Stolpa	6
		(90., Sveinn Steingr.	-)

**Maður leiksins*

MARKASKORARINN Luca Modic skoraði eina markið í leik Króata og Austurríkismanna í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Evrópumótið í fótbolta:

Ósannfærandi Króatar unnu

FÓTBOLTI Króatar sigruðu gestgjafa Austurríkismenn 1-0 í fyrsta leik B-riðils á Evrópumótinu í fótbolta í gær.

Króatar byrjuðu af miklum krafti í leiknum og fengu óskabyrjun þegar Rene Aufhauser braut klaufalega á Ivica Olic innan vítateigs Austurríkis á 4. mínútu og vítaspyrna réttilega dæmd. Luka Modric skoraði af öryggi úr spyrnunni og róðurinn þungur hjá Austurríki sem fyrirfram var almennt talið vera slakasta liðið á EM.

Heimamönnum óx þó ásmegin þegar líða tók á leikinn en Króatar virkuðu hins vegar þungir og langt frá sínu besta.

Austurríkismenn héldu áfram að þjarma að Króötum í seinni hálfleik og gerðu hvað þeir gátu til þess að jafna leikinn. Pressan var orðin mikil seint í leiknum og greinilegt að Króatar ætluðu bara að liggja til baka og halda forystu sinni og beita skyndisóknum í von um að gera út um leikinn. Hvorugt liðið náði hins vegar að bæta við marki og lokatölur því eins og segir 1-0.

Heimamenn í Austurríki sýndu í leiknum að þeir er sýnd veiði en ekki gefin en Króatar þurfa vitanlega að gera miklu betur ef þeir ætla sér einhverja hluti á EM. - óþ

FH 2-0 Fjölnir

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 1127 Þóroddur Hjaltalín (6)

1-0 Atli Viðar Björnsson (17.)
2-0 Atli Viðar Björnsson (27.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9-13 (4-6)
Varin skot	Daði 5 – Þórður 2
Horn	3–6
Aukaspyrnur fengnar	11–14
Rangstöður	3–6

FH 4-3-3		FJÖLNIR 4-3-3	
Daði Lárusson	7	Þórður Ingason	4
Guðmundur Sæv.	6	Gunnar V. Gunnars.	5
Tommy Nielsen*	**8**	Kristján Haukssson	4
Freyr Bjarnason	7	Óli Stefán Flóventss.	4
Hjörtur Valgarðsson	5	Illugi Gunnarsson	4
Dennis Siim	7	Ágúst Gylfason	6
Davíð Þór Viðarsson	4	(80 Ólafur Johnson	-)
Matthías Vilhjálmss.	7	Gunnar Már Guðm.	5
Atli Viðar Björnsson	8	Ásgeir Ásgeirsson	3
(75. Ásgeir G. Ásg.	-)	(74. Davíð Rúnarsson	-)
Atli Guðnason	7	Ómar Hákonarson	6
(69. Matthías Guðm.	5)	Ólafur Páll Snorrason	5
Tryggvi Guðmundss.	6	Pétur Georg Markan	4
(81. Arnar Gunnl.	-)	(58. Tómas Leifsson	5)

*Maður leiksins

Fjölnismenn töpuðu þriðja leiknum í röð þrátt fyrir að vera manni fleiri í klukkutíma gegn FH:

Atlarnir í FH afgreiddu nýliða Fjölnis

FÓTBOLTI Nýliðar Fjölnis töpuðu í gær þriðja leiknum í röð eftir sigra í fyrstu þremur umferðunum. FH-ingar voru fremri á öllum sviðum og 2-0 sigur þeirra var sanngjarn.

Nafnarnir Atli Viðar Björnsson og Atli Guðnason náðu vel saman og skoraði Atli Viðar tvö mörk með skömmu millibili eftir sendingar þess síðarnefnda. Fyrst kom skallasending innfyrir og Atli Viðar var einn gegn Þórði markmanni og svo kom sending utan af kanti sem Atli Viðar mætti á nærstönginni og skoraði. Einfalt og árangursríkt.

Davíð Þór Viðarsson fékk beint rautt spjald eftir þrjátíu mínútur. Fáir sáu hvað gerðist en Þóroddur dómari var afar vel staðsettur. „Þetta var rangur dómur," var það eina sem fékkst upp úr Davíð varðandi dóminn.

Eftir spjaldið róuðu FH-ingar leikinn niður og Fjölnismönnum gekk ekkert að skapa sér færi. Í síðari hálfleiknum gerðu þeir þó aðeins harðari atlögur en fyrir þeim voru Tommy Nielsen, sem var frábær, og Daði markmaður.

ÓSÁTTIR Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, og Jörundur Áki Sveinsson aðstoðarmaður hans senda Þóroddi Hjaltalín dómara tóninn eftir rautt spjald á FH. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Niðurstaðan var öruggur sigur FH. Fimleikafélagið er því eitt á toppi deildarinnar og hefur enn ekki tapað leik í sumar. Liðið spilaði mjög vel og sigurinn var sannfærandi. Það sást alls ekki á leik liðsins að það væri manni færra í 60 mínútur.

Fjölnismenn hafa aftur á móti heldur betur verið skotnir niður á jörðina eftir frábæra byrjun á mótinu. „Þetta veldur mér ekki áhyggjum, við vissum alveg að við yrðum aldrei meistarar. Við töpum fyrir Val og FH sem er eðlilegt að við töpum fyrir en svo óþarflega fyrir Blikum í leiðindaaðstæðum," sagði Fjölnismaðurinn Ólafur Páll Snorrason sem lék áður með FH.

Ólafur var mjög ósáttur með mætingu Hafnfirðinga á leikinn. „Okkar stuðningsmenn stóðu sig samt frábærlega og það heyrðist ekki í Mafíunni," sagði Ólafur.

Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, var fyrst og fremst ánægður með að halda hreinu.

„Við náðum ágætis tökum á leiknum eftir rólega byrjun en það fór mikil orka í varnarleikinn eftir rauða spjaldið. Við náðum að standast áhlaup Fjölnis og halda hreinu sem var gott. Við lögðumst aðeins í skotgrafirnar og sóttum ekki jafn mikið og oft hérna heima en það er eðlilegt, manni færri," sagði Heimir Guðjónsson. **- hþh**

Valur 1-0 Breiðablik

Vodafonevöllur, áhorf.: 1.034 Magnús Þórisson (4)

1-0 Albert Brynjar Ingason (52.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	7-11 (2-4)
Varin skot	Kjartan 4 – Casper 1
Horn	2–4
Aukaspyrnur fengnar	13–16
Rangstöður	5–5

VALUR 4-4-2		BREIÐAB. 4-3-3	
Kjartan Sturluson	6	Casper Jacobsen	5
Birkir Már Sævars.	5	Árni K. Gunnarsson	5
(68., Einar Martein.	5)	Srdjan Gasic	6
Atli Sveinn Þórarins.	6	Guðmann Þórisson	6
Bjarni Ó. Eiríksson	6	Arnór S. Aðalsteins.	6
René Carlsen	6	Arnar Grétarsson	6
Rasmus Hansen	6	Olgeir Sigurgeirsson	6
Baldur Bett	4	(82., Magnús Gunn.	-)
Pálmi Rafn Pálmas.	6	***Nenad Petrovic**	**7**
Hafþór Æ. Vilhjálms.	4	Steinþór Þorsteins.	4
Helgi Sigurðsson	5	(58., Zivanovic	6)
Albert B. Ingason	6	Jóhann B. Guðmund.	4
(84., Guðm. Hafstei.	-)	(58., Marel Baldvins.	5)
		Prince Rajcomar	6

*Maður leiksins

Varnarsigur hjá Valsmönnum

Varnarsinnaðir Valsmenn náðu að stoppa í lekann á vörninni hjá sér í gær og með öguðum leik og baráttu tókst þeim að hala inn öll stigin gegn Blikum. Sem fyrr voru Kópavogsbúar sjálfum sér verstir í leiknum.

FÓTBOLTI Valsmenn náðu að rífa sig upp eftir tapið slæma gegn HK í síðustu umferð. Þeir féllu talsvert aftar en í síðustu leikjum, lögðu áherslu á vörnina og reyndu að sækja hratt. Það skilaði þeim þremur stigum gegn Blikum í kaflaskiptum leik.

Fyrri hálfleikur er einn sá slakasti og leiðinlegasti sem undirritaður hefur séð í sumar. Sóknarleikur beggja liða var steingeldur og lítið að gerast. Valsmenn lágu aftarlega og beittu löngum sendingum fram völlinn með ákaflega takmörkuðum árangri. Blikar spiluðu ágætlega úti á vellinum, reyndu að nýta kantana en það fjaraði algjörlega undan sóknarleik liðsins er það nálgaðist vítateig heimamanna.

Það voru nánast engin færi í hálfleiknum en Helgi Sigurðsson skoraði síðan mark en það var dæmt af vegna hendi og Magnús Þórisson sýndi Helga spjaldið fyrir vikið. Það var síðan öllum létt þegar Magnús blés til leikhlés enda vitað mál að næsti hálfleikur gat ekki orðið eins leiðinlegur.

Enda lifnaði talsvert yfir leiknum í síðari hálfleik. Valsmenn komust yfir eftir aðeins sjö mínútur í síðari hálfleik. Helgi fékk þá laglega stungusendingu inn fyrir vörnina, hann lagði svo boltann á Albert Ingason sem kláraði færið með stæl.

Í kjölfarið bakkaði Valsliðið enn frekar og leikur liðsins minnti að mörgu leyti á leik KR-liðsins er Willum var með það. Hinir líflegu bakverðir liðsins fengu ekki að fara fram fyrir miðju og augljóst að Willum óttaðist hina skæðu kantmenn Blika. Þessi taktík gerði það aftur á móti að verkum að kantmenn Blika gerðu ekkert í leiknum.

HVAR ER HANN? Helgi Sigurðsson, framherji Vals, sýnir hér skemmtileg svipbrigði þegar hann fær sendingu í leiknum gegn Breiðabliki á Vodafonevellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þegar tæpur hálftími var eftir af leiknum vildu Blikar fá rautt á Atla Svein er hann lenti í saman við Prince. Ekkert varð af því. Ellefu mínútum fyrir leikslok fengu Blikar síðan víti sem var glórulaus dómur miðað við það sjónarhorn sem blaðamenn höfðu. Prince tók vítið sem var arfaslakt og Kjartan varði auðveldlega.

Undir lokin var hitinn við suðumark. Guðmanni og Atla Sveini lenti saman sem endaði með því að báðir fengu gult og Atli þar með sendur í bað. Vörn Vals hélt og Willum og strákarnir hans fögnuðu þessum varnar- og baráttusigri vel.

„Það sem ég er fyrst og fremst ánægður með er skapgerðarstyrkurinn hjá liðinu. Þegar á móti blæs og stigin ekki að koma inn þá er oft erfitt að gíra sig upp. Strákarnir börðust alla leið, stuðningsmennirnir voru frábærir og ég er kátur með þessa samstöðu hjá félaginu öllu. Þessi völlur er að verða að vígi fyrir okkur," sagði Willum kátur en hann var ákaflega líflegur á hliðarlínunni og missti sig þegar Blikar fengu vítið og hljóp nánast niður að hornfána í átt að aðstoðardómaranum.

„Við vorum vissulega varnarsinnaðri en oft áður og ég lagði áherslu á að menn færu ekki úr stöðum. Við erum í stigaharki og verðum að horfast í augu við það," sagði Willum Þór.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, var eðlilega ekki sáttur með liðið sem fékk færi líkt og áður en gekk illa að nýta þau. Blikar eru sífellt sjálfum sér verstir.

„Mér fannst Valsmenn hafa yfirhöndina í fyrri hálfleik og við spila á þeirra forsendum. Við vorum aðeins ákveðnari í seinni hálfleik og við töpuðum þessu á okkar klaufaskap. Bæði í þeirra marki og svo með því að klúðra vítinu og færunum sem við fengum. Það lið sem nýtti færið vann leikinn. Einfalt mál. Við erum að æfa að klára færin endalaust á séræfingum en það er annað að gera það á æfingum en í leikjum," sagði Ólafur Kristjánsson.

henry@frettabladid.is

Keflavík 4-2 KR

Keflavíkurvöllur, áhorf.: 1270 Jóhannes Valgeirs. (6)

1-0 Guðmundur Steinarsson (15.), 2-0 Hörður Sveinsson (22.), 2-1 Björgólfur Takefusa (45.), Björgólfur Takefusa (48.), 3-2 Guðmundur Steinars., 4-2 Símun Samúels. (86.).

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	16-17 (7-6)
Varin skot	Ómar 4 – Stefán Logi 3
Horn	7-8
Aukaspyrnur fengnar	12-9
Rangstöður	3-0

KEFLAV. 4-4-2		KR 4-4-2	
Ómar Jóhannsson	6	Stefán L. Magnús.	4
Guðjón Antonius.	7	Skúli Friðgeirsson	5
Kenneth Gustafsson	8	Grétar Sigurðarson	7
Guðmundur Mete	7	Gunnlaugur Jónsson	4
Nicolai Jörgensen	6	Jordao Diogo	5
Símun Samuelsen	7	Gunnar Jónsson	4
(90., Brynjar Guðm.	-)	(59., Atli Jóhanns.	5)
Hans Mathiesen	7	Jónas G. Sævarsson	6
Hallgrímur Jónasson	6	Viktor Bjarki Arnars.	6
Hörður Sveinsson	6	Óskar Ö. Hauksson	4
(66., Magnús Þorst.	6)	(80., Grétar Hjartar.	-)
***Guðmund. Stein.**	**8**	Guðjón Baldvinsson	5
(75., Þórarinn Krist.	-)	Björgólfur Takefusa	6
Patrick Redo	8	(84., Guðm. Péturs.	-)

*Maður leiksins

LANDSBANKAD. KARLA

Staðan:

1. FH	**6**	**5**	**1**	**0**	**17-4**	**16**
2. Kefalvík	6	5	0	1	18-11	15
3. Fram	**6**	**3**	**0**	**3**	**6-4**	**9**
4. Fjölnir	6	3	0	3	8-7	9
5. Valur	**6**	**3**	**0**	**3**	**11-12**	**9**
6. Fylkir	6	3	0	3	10-11	9
7. Þróttur	**6**	**2**	**2**	**2**	**10-12**	**8**
8. Breiðablik	6	2	2	2	8-10	8
9. KR	**6**	**2**	**0**	**4**	**9-11**	**6**
10. Grindavík	6	2	0	4	8-13	6
11. ÍA	**6**	**1**	**2**	**3**	**6-10**	**5**
12. HK	6	1	1	4	7-13	4

Keflavík sigraði KR í miklum markaleik í Keflavík í gær. Keflvíkingar fylgja FH fast á eftir í toppbaráttunni:

Gott gengi Keflavíkur heldur áfram

FÓTBOLTI Keflavík vann góðan sigur á KR, 4-2, í bráðfjörugum og skemmtilegum leik í blíðviðrinu í Keflavík.

Keflavík sótti hratt á KR í leiknum og nýtti hraða sinn vel gegn hægri vörn KR. Bæði lið léku ágætan sóknarbolta en Keflavík átti mun auðveldara með að skapa sér góð færi og nýttu þeir tvö fyrstu færi sín í leiknum til fullnustu þegar Guðmundur Steinarsson og Hörður Sveinsson skoruðu tvö mörk á fyrstu 22 mínútum leiksins.

„Við unnum þetta eins og við ætluðum að gera fyrir leikinn í byrjun og það skilar okkur í 2-0. Svo förum við að gera einhverja aðra hluti og þá fáum við á okkur mörk í lok fyrri hálfleiks og upphafi seinni hálfleiks. Við höfum ekki leyfi til að fá á okkur mörk á þessum tíma. Síðan náum við að lyfta okkur upp og skora mjög fljótlega eftir að þeir jafna og þá var þetta bara spurning um að halda stöðunum og reyna að loka leiknum með fjórða markinu og það tókst," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, í leikslok um gang leiksins.

Keflavík er í öðru sæti deildarinnar og hefur skorað sókndjarfan fótbolta. Jafnan er skorað mikið í leikjum liðsins. „Við setjum það upp að skora mörk og erum með mjög marga í liðinu sem eru að skora. Ekki bara framherja heldur líka með miðjumenn sem skora mikið. Það kemur kannski niður á því að stundum erum við of fáir að verjast," sagði Kristján.

Sóknarleikur KR var ekki eins beittur. Liðið beitti löngum sendingum fram á smáa framherja liðsins sem er ekki líklegt til árangurs gegn hávaxinni vörn Keflavík. Þegar KR sótti upp kantana voru þeir mun hættulegri. „Þeir hafa verið að senda langa bolta fram á Guðjón Baldvins sem hefur verið að tæta í varnarmönnum en okkar hafsentar stóðust prófið í dag. Við getum varist hverju sem kemur á okkur þegar sá gállinn er á okkur," sagði Kristján um það hvort þessi leikaðferð KR henti Keflavík.

Jónas Guðni Sævarsson lék í fyrsta sinn á Keflavíkurvelli í KR búningi. „Það var skrýtin tilfinning að koma hérna á minn heimavöll og spila gegn Keflavík," sagði Jónas. „Þeir spiluðu betur en við og skoruðu þessi fjögur mörk."

KR er í níunda sæti deildarinnar með sex stig og er Jónas ekki sáttur við þá stöðu. „Það er skelfilegt að horfa á töfluna og vera aðeins með sex stig eftir sex leiki. Það er ekki ásættanlegt." **-gmi**

ILLVIÐRÁÐANLEGIR Keflvíkingar virka óstöðvandi á heimavelli sínum. MYND/VÍKURFRÉTTIR

BARÁTTA HK-ingar sækja hér fast að marki ÍA í leiknum í gær en Kópavogsliðið náði ekki að taka öll stigin. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

HK og ÍA skildu jöfn á Kópavogsvelli þar sem Stefán Þórðarson fékk rautt spjald:

HK-ingar fóru illa að ráði sínu

FÓTBOLTI HK og ÍA skildu í gær jöfn, 1-1, eftir fjörugan leik á Kópavogsvelli.

Fyrri hálfleikur var afar líflegur og áttu bæði lið þó nokkur góð marktækifæri. HK-menn fengu betri færi framan af og voru klaufar að nýta þau ekki betur.

Heimamenn bættu þó fyrir mistökin á 26. mínútu er Mitja Brulc kom þeim yfir með laglegu marki. Hár bolti kom frá Goran Brajkovic yfir vörn ÍA og Brulc gerði vel er hann sendi boltann yfir Esben Madsen markvörð sem kom hlaupandi út í boltann.

Eftir það áttu Skagamenn bæði skot og skalla í slá HK-inga en allt kom fyrir ekki. Gestirnir gerðu sig afar líklega til að jafna metin undir lokin en Gunnleifur markvörður var vel á verði.

Síðari hálfleikur byrjaði mjög fjörlega er Stefán Þórðarson var dæmdur brotlegur eftir viðskipti sín við Stefán Eggertsson. Dómari leiksins, Einar Örn, sá greinilega ekki hvað gerðist en eftir að hafa ráðfært sig við annan aðstoðardómarann gaf hann Stefáni umsvifalaust rautt spjald.

Þrátt fyrir þetta var engu líkara en HK-ingar hefðu lagt árar í bát því Skagamenn voru miklu betri og uppskáru jöfnunarmark úr víti á 75. mínútu. Bæði lið fengu færi til að gera út um leikinn en 1-1 urðu lokatölur.

„Mínir menn sýndu mikla karlmennsku og stigu fast til jarðar í því að vinna sig inn í leikinn," sagði Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, sem tók út leikbann í leiknum.

Spurður um rauða spjaldið sem Stefán fékk sagðist Guðjón ekkert hafa séð. „Ef þetta hefur verið ljótur ásetningur hjá Stefáni ber að refsa því með rauðu spjaldi. En við getum sagt á móti að Bjarni átti að fá víti í fyrri hálfleik. Það var ásetningur. Ef bæði lið fremja ásetningsbrot og það er bara refsað í aðra áttina þá vitum við hvað er að gerast." - esá

HK	1-1	ÍA

Kópavogsvöllur, áhorf.: 860 — Einar Örn Daníels. (5)

1-0 Mitja Brulc (26.), 1-1 Vjekoslav Svadumovic (75.).

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-15 (6-6)
Varin skot	Gunnleifur 5 – Espen 4
Horn	2-4
Aukaspyrnur fengnar	12-17
Rangstöður	1-5

HK 4-4-2		ÍA 4-4-2	
Gunnleifur Gunnl.	7	Espen Madsen	6
Stefán Eggertsson	6	Heimir Einarsson	5
(65., Atli Valsson	6)	Árni Guðmundsson	7
Ásgrímur Albertsson	6	Dario Cingel	6
Finnbogi Llorens	7	Guðjón Sveinsson	6
Damir Muminovic	6	Þórður Guðjónsson	7
Hörður Magnússon	6	(82., Igor Bilokap.	-)
Hólmar Eyjólfsson	6	Bjarni Guðjónsson	7
Goran Brajkovic	6	Jón Ákason	6
Aaron Palomares	7	(89., Guðmundur G.	-)
Mitja Brulc	7	Stefán Þórðarson	7
(46., Þorlákur Hilm.	5)	***Vjekoslav Svad.**	**8**
Hermann Þórsson	4	Björn Sigurðarson	6
(73., Eyþór Birgis.	-)	(29., Árni Pjeturs.	5)

**Maður leiksins*

TIL PEKING Hjörtur Már Reynisson, úr KR, náði ólympíulágmarki í 100 metra flugsundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Mare Nostrum-mótaröðin:

Ólympíulág-mörk í augsýn

SUND Flest okkar sterkasta sundfólk er nú á vegum félaga sinna að taka þátt í Mare Nostrum-mótröðinni. Mótin eru geysilega sterk, þarna eru saman komnir margir Evrópu- og heimsmethafar en synt er í þremur borgum, Mónakó, Barcelona og Canet.

Sigrún Brá Sverrisdóttir, sundkona úr Fjölni, synti undir B-lágmarki ÓL í 200 metra skriðsundi í fyrradag og tvíbætti þá Íslandsmetið í greininni.

Hjörtur Már Reynisson, sundmaður úr KR, synti í gær á tímanum 54,46 í undanrásum í 100 metra flugsundi sem er undir B-lágmarki ÓL í greininni. Hjörtur bætti sig talsvert en besti tíminn hans í greininni var áður 55,12.

Hjörtur varð í gær sjötti íslenski sundmaðurinn sem nær ÓL-lágmarki.

Hrafnhildur Lúthersdóttir syndir í Mónakó og er að reyna að ná B-lágmörkum í 200 metra bringusundi.

Íslenska sundfólkið fer næst til Barcelona á Spáni og keppir þar 10. og 11. júní. Mare Nostrum-mótaröðinni lýkur svo í Canet í Frakklandi þar sem keppt verður 14. og 15. júní.

Það gætu því enn hæglega bæst fleiri sundmenn í ört stækkandi ÓL-hóp Íslands. - óþ

dagskrá

> Jennifer Aniston

„Mitt mottó er að maður eigi ekki að gera áætlanir heldur taka ákvörðun og koma hreyfingu á hlutina“ segir Aniston en hún leikur bæði í þáttunum Friends sem sýndir eru á Stöð 2 og í kvikmyndinni Derailed sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON Á Í STRÍÐI

Ryksuga bugar ekki hinn hreinhjartaða

Breskur félagsfræðinemi gerði áhugaverða rannsókn fyrir nokkrum árum. Snerist hún um að kanna komur í kvennaathvörf þriggja borga í Bretlandi og á sama tíma lagðist neminn yfir tölfræði knattspyrnuliðanna á hverjum stað fyrir sig. Niðurstaða hennar var sláandi og í stuttu máli sú að þegar vel gekk á vellinum þurftu starfsmenn athvarfanna varla að mæta í vinnuna. Þegar illa gekk stóðu allir aukavaktir við að hugga grátandi börn og hlynna að mæðrum þeirra.

Ein þessara borga var Liverpool og á sama tíma sagði Bill Shankly, framkvæmdastjóri félagsins, hina ódauðlegu setningu: „Knattspyrna snýst ekki um líf og dauða. Hún er miklu mikilvægari en það.” Ég veit ekki hverjar fjölskylduaðstæður hans voru en það verður ekki undan því skotist að skrifa um fótbolta, nú þegar ekkert annað skiptir máli. Evrópumót landsliða er hafið og konur þessa lands fara bölvandi í rúmið og vakna í kvíðakasti. Hverjum er ekki sama, eins og ég sagði þá er mótið byrjað.

Barátta góðs og ills er staðreynd og birtingarmyndir hennar eru óteljandi. Aldrei er þetta sannara en þegar stórmót í fótbolta stendur yfir í þessa örskotsstund annað hvert sumar. Fylkingunum lýstur saman með ógnarkrafti þar sem handbendi andskotans reyna að knésetja boðbera kærleiks og fullkomnunar.

En sannlega segi ég yður að þetta sumarið, sem ætíð fyrrum, mun það sannað að góður sófi og kaldur öl eru öflugri vígtól en nokkur ryksuga verður nokkurn tímann. Ég bið stolta kynbræður mína um að gleyma því aldrei að málstaður þeirra er þess virði að verja hann með kjafti og klóm. Látið ekki hótanir né sykursæt loforð um eitthvað annað skemmtilegt eitra huga ykkar. Allur sá stríðskostnaður sem fellur til getur dregið úr ykkur kjarkinn tímabundið en gleymið því ekki að nægur tími er til að greiða hann allan til baka með vöxtum. Heimsmeistaramótið í S-Afríku er nefnilega ekki fyrr en eftir tvö ár.

EKKI MISSA AF

▶ **20.10 One Tree Hill - lokaþáttur** SKJÁREINN

▶ **20.20 Extreme Makeover Home Edition** STÖÐ 2

▶ **21.00 F1 Við endamarkið** STÖÐ 2 SPORT

▶ **22.00 Derailed** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **23.05 Herstöðvarlíf (Army Wives)** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

14.50 Bang og mark Sýnt frá leikjum í efstu deild kvenna í fótbolta.

15.10 Bang og mark Sýnt frá leikjum í efstu deild karla í fótbolta.

15.30 EM 2008 - Upphitun Hitað upp fyrir næsta leik á EM í fótbolta.

16.00 EM í fótbolta 2008 Bein útsending frá leik Rúmena og Frakka á Evrópumóti landsliða í fótbolta sem fram fer í Austurríki og Sviss.

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Fréttir

18.23 Veður

18.25 EM 2008 - Upphitun Hitað upp fyrir næsta leik á EM í fótbolta.

18.45 EM í fótbolta 2008 Bein útsending frá leik Hollendinga og Ítala á Evrópumóti landsliða í fótbolta sem fram fer í Austurríki og Sviss.

20.45 Gríman 2008 Kynntar verða tilnefningar til Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna 2008 sem verða í Þjóðleikhúsinu á föstudagskvöld.

21.15 Lífsháski (Lost) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi.

22.00 Tíufréttir

22.35 EM 2008 - Samantekt

▶**23.05 Herstöðvarlíf** (Army Wives) (7:13) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem reyna með misjöfnum árangri að lifa í sátt og samlyndi meðan makar þeirra leggja sig í hættu fyrir föðurlandið.

23.50 Soprano-fjölskyldan (19:21) (e)

BÍÓ

06.05 Small Time Obsession

08.00 Honey, I Shrunk the Kids

10.00 To Walk with Lions

12.00 the Sisterhood of the Traveling Pants

14.00 Honey, I Shrunk the Kids

16.00 To Walk with Lions

18.00 the Sisterhood of the Traveling Pants

20.00 Small Time Obsession

22.00 Derailed Ástríðutryllir með Jennifer Aniston og Clive Owen í aðalhlutverkum

00.00 Out of Time

02.00 Bodywork

04.00 Derailed

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Litlu Tommi og Jenni, Camp Lazlo og Kalli kanína og félagar.

08.15 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 La Fea Más Bella

10.15 Homefront

11.15 Wife Swap (4:10)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Neighbours

13.10 Numbers (17:24)

13.55 Kicking and Screaming Gamanmynd með Will Ferrell og Robert Duval í aðalhlutverkum. Phil Weston er mjög kappsamur maður sem tekur að sér að þjálfa fótboltalið krakka en það gengur ekki vandræðalaust fyrir sig.

15.30 Friends (12:24)

15.55 Háheimar

16.18 Leðurblökumaðurinn

16.43 Skjaldbökurnar

17.08 Tracey McBean

17.18 Louie

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

18.18 Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir

18.54 Ísland í dag

19.30 The Simpsons (18:22)

19.55 Friends (21:24)

▶**20.20 Extreme Makeover.** Home Editio (32:32) Þriðja þáttaröðin þar sem húsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.

21.05 Fallen. The Journey Annar hluti. Aron er hálfur maður og hálfur engill með einstaka hæfileika.

22.30 Missing (6:19) Þriðja þáttaröð. Bandaríska alríkislögreglan leitar að týndu fólki. Jess Mastrini er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður hennar í þeim rannsóknum.

23.15 Swinging (6:6) Breskur sketsaþáttur um skrautleg pör og spaugilegar hliðar á kynlífi þeirra.

23.40 That Old Feeling

01.25 Shark (13:16)

02.10 Nick Fury

03.45 Kicking and Screaming

05.20 Fréttir og Ísland í dag

06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SPORT *besta sætið*

07.00 Boston - LA Lakers Útsending frá leik í úrslitakeppninni í NBA.

18.00 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin skoðuð úr umferðinni í þessum magnaða þætti.

19.00 Boston - LA Lakers Útsending frá leik í úrslitakeppninni í NBA.

▶**21.00 F1. Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.

21.40 King of Clubs Vandaður þáttur sem fjallar um stórliðin í heiminum í dag og hvernig þeim hefur tekist að halda sér í fremstu röð í öll þessi ár.

22.10 Ensku bikarmörkin Veturinn gerður upp í ensku bikarkeppninni í þessum magnaða þætti.

23.10 Stjörnugolf 2007 Þáttur um íslenskt golfmót sem kallast Stjörnugolf og haldið er til styrktar góðgerðamálum. Ýmsir góðkunningjar þjóðarinnar leika golf með misgóðum árangri.

23.50 Michael Owen Michael Owen Hann vakti fyrst athygli á heimsvísu þegar hann sló í gegn á HM 1998 í Frakklandi. Hann hefur gert garðin frægan með Liverpool, Newcastle og Real Madrid á undanförnum árum.

SPORT 2

17.20 EM 4 4 2

Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport renna yfir hvern leikdag á EM ásamt sérfræðingum.

17.50 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

18.20 Season Highlights Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp.

19.15 Bestu leikirnir

21.00 EM 4 4 2

Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport renna yfir hvern leikdag á EM ásamt sérfræðingum.

21.30 Champions of the World Ný þáttaröð um hina glæsilegu knattspyrnuhefð í Suður Ameríku. Í þessum þætti beinum við sjónum okkar að Úrúgvæ og knattspyrnunni þar í landi.

22.25 Bestu leikirnir

00.10 EM 4 4 2

Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport renna yfir hvern leikdag á EM ásamt sérfræðingum.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Dynasty (e)

09.30 Vörutorg

10.30 Óstöðvandi tónlist

14.40 Vörutorg

15.40 Top Chef (e)

16.30 Girlfriends Skemmtilegur gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu. Háðfuglinn Kelsey Grammer er aðalframleiðandi þáttanna.

17.00 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

17.45 Dr. Phil Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

18.30 Dynasty Ein frægasta sjónvarpssería allra tíma. Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og hann er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar þegar þess þarf.

19.15 Svalbarði (e)

20.10 One Tree Hill - Lokaþáttur Bandarísk unglingasería þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantík fara saman. Fylgst er með unglingunum í One Tree Hill í gegnum súrt og sætt.

21.00 Eureka (4:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst.

21.50 C.S.I. (15:17) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Grissom og félagar rannsaka dularfull dauðsföll þar sem fórnarlömbin eru öll með grænt blóð í æðum.

22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

23.30 Brotherhood (e)

00.30 C.S.I.

01.10 Girlfriends (e)

01.35 Vörutorg

02.35 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.05

Fallen: The Journey

Annar hluti í hörkuspennandi og vönduðum þríleik um Aron sem þráir ekkert heitar en venjulegt líf með nýju fósturforeldrum sínum. Nú þegar Aron hefur komist að því hver hann er í raun og veru heldur hættuför hans áfram þar sem hann reynir að komast að því hvert raunverulegt hlutverk hans er.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

EM í fótbolta BEINT

Sjónvarpið kl. 16.00 og 18.45

Sjónvarpið sýnir í dag tvo leiki frá EM í fótbolta í beinni útsendingu. Fyrst er það leikur Rúmena og Frakka kl. 16.00 en seinni leikurinn er kl. 18.45 og þá spila Hollendingar og Ítalir. Þorsteinn J. stjórnar upphitun fyrir hvern leik en einnig verður samtekt úr leikjum dagsins kl. 22.05.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Látún
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Út um víðan völl
15.03 Útvarpssagan: Sérherbergi
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Flækingur
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Litla flugan rifjar upp Eurovision
21.10 Framtíð lýðræðis
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Svartfugl
22.45 Dalakofinn
23.30 Lostafulli listræninginn
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.30 Hollyoaks
17.00 Seinfeld (11:22)
17.30 Wildfire (12:13)
18.15 The Class (10:19)
18.35 The War at Home Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu.
19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
20.00 Seinfeld (11:22) Stöð 2 Extra sýnir þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
20.30 Wildfire (12:13) Þriðja þáttaröðin um hana Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.
21.15 The Class (10:19) Nýr gamanþáttur þar sem við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem margir hverjir hafa ekki sést í tuttugu ár.
21.35 The War at Home
22.00 Cold Case (18:18)
22.45 The Riches (1:7)
23.30 Curb Your Enthusiasm (9:10)
00.00 Entourage (9:20)
00.25 Comedy Inc. (18:22)
00.50 Sjáðu
01.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

iNN

20.00 Mér finnst... Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttur og Ásdís Olsen.
21.00 Mæður og dætur Sigrún Guðjónsdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Ingibjörg Þóra Gestsdóttir, Kolbrún Anna Björnsdóttir.
21.30 Ármann á Alþingi Umsjón: Ármann Kr. Ólafsson alþingismaður.
Málefni innflytjenda. Umsjón: Katla Þorsteinsdóttir

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** 21 Søndag **10.50** Aftenshowet **11.20** Saras køkken **11.50** Søren Ryge præsenterer **12.20** Agenten der sladrede **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **13.50** En lille reminder: Nye II **14.05** Last Exile **14.30** Den lyserøde panter **14.35** Naruto **15.00** Troldspejlet **15.15** Robotboy **15.30** Mine venner Tigerdyret og Plys **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ud i det blå **18.00** Tæt på en dronning **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Undercover: Guldæggene **21.40** Truslen fra dybet **22.20** Seinfeld

NRK 1

10.00 NRK nyheter **10.10** Jeg og skyggen min **10.40** I magasinenes verden **11.30** Åpen himmel: Som et fyrlys Jesu navn **12.00** Med hjertet på rette staden **12.45** Sommerjazz i Vallekilde **13.15** Creature Comforts: hvordan har vi det? **13.25** En håndfull tid **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mine venner Tigergutt og Brumm **16.25** Bali **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** Lykkens grøde **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Tudors **20.20** Litt som deg **21.05** Kveldsnytt **21.25** Den mistenkte **23.10** Smith og Jones **23.35** Sport Jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Fotbollsakademin **10.35** Sportspegeln **12.25** Sommarnöje sökes **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Himlen över Danmark **15.30** Strömsö **16.00** Bolibompa **16.10** Ebb och Flo **16.15** Rorri Racerbil **16.25** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.30** Hej hej sommar **16.31** Planet Sketch **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Sommartorpet **18.30** Packat & klart sommar **19.00** Foyle's War **20.35** Little Rock Central High **21.50** Rapport **22.00** Kulturnyheterna **22.15** Kören - killar sjunger inte **23.15** Brottskod: Försvunnen **0.00** Sändningar från SVT24

Iðnnám
... nema hvað?

Iðnnám veitir þér aðgang að skemmtilegu, skapandi og vel launuðu starfi og gefur þér kost á háskólanámi. Iðnnám skapar þér óteljandi möguleika.

Kíktu á framboðið á www.idan.is/nam-og-storf – þar eru yfir 60 námsgreinar í boði.

SI
Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 08-0999

LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Í vinnunni hlusta ég alltaf á Rás 1.“

Valur R. Jóhannsson, starfsmaður Fotovals.

Uppselt í ferðir Orlofsnefndar húsmæðra

Um 180 konur munu ferðast utan landsteinanna og innan á vegum Orlofsnefndar húsmæðra í Reykjavík í sumar. Slíkar nefndir eru starfræktar á vegum Kvenfélagasambands Íslands víða um land, en þeim var upphaflega ætlað að gera húsmæðrum landsins kleift að komast í frí frá daglegu amstri. Nefndirnar hafa þó breyst töluvert á tæpu rúmu hálfu öld sem liðin er frá stofnun þeirra árið 1960. Ríkið veitti þeim fjárhagsstyrki til ársins 1977, þegar sveitarfélögin tóku við því hlutverki.

„Þetta var hugsað fyrir konur sem ekki voru á vinnumarkaði. Meiriparturinn af þeim konum sem ferðast með okkur í dag eru fullorðnar konur sem hafa verið heimavinnandi,“ útskýrir Geirlaug Þorvaldsdóttir, hjá Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík. „Í rauninni er þetta fyrir allar konur sem hafa rekið heimili um nokkurra ára skeið,“ segir Geirlaug, sem segir heilmikinn félagsskap hljótast af starfi nefndarinnar. „Fyrir utan að auglýsa ferðirnar höldum við kynningarfund í mars, sem er eitthvað sem margar kvennanna bíða eftir. Svo hittast þær svolítið fyrir utan þetta líka,“ segir hún.

Nefndin skipuleggur sex ferðir á sumri hverju, þrjár ferðir innanlands og þrjár til útlanda, auk dagsferða. Í ár verður haldið til Danmerkur, Skotlands og þýsku Alpanna, og segir Geirlaug uppselt í ferðirnar allar. Upphaflega var einungis boðið upp á ferðir um Ísland, en Geirlaug segir utanlandsferðirnar hafa komið til með breyttum tíðaranda. „Aðsóknin er alltaf mjög góð, og það má eiginlega segja að þetta sé svolítið verndað umhverfi. Við erum með leiðsögumann frá ferðaskrifstofunni sem við pöntum hjá, og svo tvo hópstjóra. Það er allt mjög vel skipulagt og vel haldið utan um þetta,“ segir Geirlaug.

Geirlaug segir ný og ný andlit skjóta upp kollinum á ári hverju, þó að einhver kjarni hafi myndast yfir árin. Hún segir þó ekki mikið um að ungar konur nýti sér þjónustuna. „Þær yngri eru þá kannski helst í fylgd með mæðrum sínum,“ segir hún.

- sun

GÓÐ AÐSÓKN HJÁ ORLOFSNEFND Enn nýta fjölmargar konur sér þjónustu Orlofsnefndar húsmæðra, sem sendir um 120 konur út fyrir landsteinana í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



LÁRÉTT
2. hróss, **6.** líka, **8.** mælieining, **9.** tilvist, **11.** bókstafur, **12.** æxlunarfæri blóms, **14.** yfirstéttar, **16.** frá, **17.** gagn, **18.** þakbrún, **20.** peninga, **21.** köttur.

LÓÐRÉTT
1. íþrótt, **3.** upphrópun, **4.** pensillín, **5.** rá, **7.** afríku dýr, **10.** óvild, **13.** vöntun, **15.** baklaf á flík, **16.** í viðbót, **19.** vörumerki.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. lofs, **6.** og, **8.** júl, **9.** lif, **11.** ká, **12.** frævа, **14.** aðals, **16.** af, **17.** nyt, **18.** ufs, **20.** fé, **21.** kisi.

LÓÐRÉTT: 1. golf, **3.** oj, **4.** fúkalyf, **5.** slá, **7.** gíraffi, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** auk, **19.** ss.

Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á **www.posthusid.is**

Póst húsið

STEFÁN ÞORMAR: FRAMKVÆMDIR SKEMMA FRÆGUSTU VEGASJOPPURNAR

Sushi í Staðarskála

Litla kaffistofan og Staðarskáli, frægustu vegasjoppur landsins, munu að öllum líkindum leggjast af í núverandi mynd á næstu misserum.

Vegagerðin vill að Litla kaffistofan flytji sig um set þegar Suðurlandsvegur verður tvöfaldaður, en áætlað er að framkvæmdir við tvöföldunina hefjist á næsta ári. Stefán Þormar Guðmundsson, eigandi Litlu kaffistofunnar til 16 ára, vill hafa sjoppuna á sínum stað og leggja veginn hvorn sínum megin við hana. „En það er víst ekki hægt samkvæmt evrópskum stöðlum,“ segir hann. „Samkvæmt þeim er bannað að beygja til vinstri af hraðbrautum. Þetta væri ekkert mál í Ameríku enda kunna Ameríkanar að keyra og fara eftir umferðarreglunum.“

Hjá Litlu kaffistofunni og Vegagerðinni mætast stálin stinn. „Vegagerðin er með þrjár tillögur en engin þeirra gerir ráð fyrir Litlu kaffistofunni á þessum stað. Við viljum helst ekki geispa golunni án þess að reyna að verja okkur fyrst. Hér eru langverstu veðrin á þessu svæði. Það er ekkert karlagrobb í mér. Við erum beint á móti Jósepsdal sem er þriðja mesta úrkomusvæði landsins. Því er núverandi staðsetning mikilvægt öryggisatriði eins og hefur margsannast.“

Staðarskáli í Hrútafirði hefur verið kallaður hin raunverulega miðja Íslands. Olíusala hófst þar árið 1929 en staðurinn eins og hann er starfræktur í ár tók til starfa árið 1960. Verið er að breyta leið hringvegarins og mun nýr Staðarskáli opna hinum megin við Hrútafjörðinn. Leiðin frá Ísafirði til Akureyrar styttist um átta og hálfan kílómetra við þessar framkvæmdir auk þess sem einbreiðum brúm fækkar.

HIN EIGINLEGA MIÐJA ÍSLANDS FÆRIST Nýr Staðarskáli verður opnaður í haust vestan megin við ósa Hrútafjarðar.

VILL EKKI FÆRA LITLU KAFFISTOFUNA Stefán Þormar Guðmundsson segir núverandi staðsetningu stórt öryggisatriði. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

„Það er áætlað að nýi Staðarskáli verði opnaður 1. september og það helst í hendur við breytingarnar á veginum,“ segir Kristinn Guðmundsson, stöðvarstjóri Staðarskála. „Á nýja staðnum munum við aðlaga okkur nútímanum. Það verður jafnvel hægt að fá sushi í Staðarskála. Okkar fastakúnnar fá þó auðvitað það sem þeir leita að. Það verður boðið upp á þriggja rétta mömmumat á hverjum degi og hamborgararnir verða á sínum stað.“

gunnarh@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stefán Eiríksson lögreglustjóri er ekki í miklu uppáhaldi hjá vertum borgarinnar. Og nú er komið upp enn eitt málið til að espa upp ófriðarbál. Þannig er að veitingastaðaeigendum er skylt að senda alla dyraverði sína á námskeið, sem er gott og gilt, nema þessu fylgir sú regla að ekki er leyfilegt að ráða dyraverði nema þeir kunni að tala íslensku. Sem setur verulegt strik í reikninginn hjá vertum sem spyrja sig hvort þetta fái staðist lög.

Ljóst er að HSÍ þarf heldur betur að hysja upp um sig brækurnar hvað Íslandsmótið hér heima varðar. Því á meðan fjölmiðlungar spá því að íþróttin sé smám saman að deyja út á kostnað knattspyrnu og körfubolta sýnir nýjasta áhorfskönnun Capacent hið þveröfuga. Því tveir af þremur vinsælustu sjónvarpsviðburðum síðustu viku voru leikir landsliðsins við Pólland og Svíþjóð í undankeppni Ólympíuleikanna. Skör neðar er síðan vináttuleikur Íslands og Wales sem fáir nenntu að hanga yfir til leiksloka enda bragðdaufur tapleikur þar á ferðinni.

Gylfi Ægisson tónlistarmaður gerði sér góða ferð á Siglufjörð á sjómannadaginn. Keyrslan norður er löng og ströng og hefur Gylfi fyrir venju að taka sér kríu ef vegaþreytan sækir að. Þar sem Gylfi dormaði í vegkantinum dreymdi hann að álfadrottning smellti á hann kossi. Hann vaknaði þó með trýni úlfsins í andlitinu. Nánar tiltekið trýni Schäfferhvuttans sem fylgir honum hvert sem er.

-jbg/fgg/shs

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

ÞÚ FÆRÐ AÐEINS ÞAÐ BESTA HJÁ OKKUR

RAUÐI túnfiskurinn er kominn!

opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

Alltaf grilllykt í Nauthólsvík

„Nei nei, það er nóg að gera hjá okkur þótt það sé ekki glampandi sól,“ segir Þórunn Arna Kristjánsdóttir, sem vinnur á Ylströndinni í Nauthólsvík í sumar. Ylströndin opnaði 15. maí og þar er opið daglega frá 10 til 20 fram á haust. „Það er mjög notalegt að liggja í heita pottinum í rigningu og svo koma margir í sjósund eða eru bara að spóka sig hérna. Við lítum á þetta sem útivistarsvæði frekar en sólarströnd, en það er vissulega meira að gera í góðu veðri. Það þarf ekki nema pínulitla sól til að allt fyllist hjá okkur.“

Stefnt er að því að halda ýmsa viðburði í Nauthólsvíkinni í sumar sem tengjast útivist, hreyfingu og hafinu. „Skólarnir hafa komið mikið til okkar og starfsmannahópar koma hingað til að grilla og hafa það huggulegt,“ segir Þórunn. „Það er alltaf grilllykt í loftinu í Nauthólsvík. Okkur leiðist aldrei hérna. Ekki einu sinni í grenjandi rigningu.“

Þórunn neitar því að taka Pamelu og félaga hennar í Baywatch sér til fyrirmyndar þótt hún verði í svipuðum sporum í sumar. „En maður fer í sundbolinn, ekki spurning.“

- glh

KANNSKI EKKI ALVEG BAYWATCH Strandverðirnir í Nauthólsvík, Sigurður Þór Hlynsson, Edda María Sveinsdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Brynar Már Brynjólfsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

SÉRVALIN HONDA MÓTORHJÓL Á TILBOÐSVERÐI

CBF-600SA
kr. 1.210.000
tilboð **kr. 990.000**

CBF-1000F
kr. 1.275.000
tilboð **kr. 1.175.000**

CBF-1000FA
kr. 1.385.000
tilboð **kr. 1.275.000**

CBF-600 F Hornet
kr. 1.150.000
tilboð **kr. 1.050.000**

CBR-1000RR
kr. 1.540.000
tilboð **kr. 1.399.000**

XL-1000V Varadero
kr. 1.540.000
tilboð **kr. 1.440.000**

ST-1300 Pan European
kr. 1.970.000
tilboð **kr. 1.799.000**

VT750C Shadow
kr. 1.020.000
tilboð **kr. 949.000**

Shadow Spirit
kr. 990.000
tilboð **kr. 919.000**

HONDA

www.honda.is

Hafðu samband við sölumann og fáðu sendan nýjan mótorhjólabækling eða náðu í hann á netinu á **www.honda.is**

Allt frá árinu 1947 þegar Honda kom með sitt fyrsta mótorhjól á markað hefur keppnisandi og draumar án takmarka einkennt fyrirtækið. Þessi hugsjón hefur gert Honda að einu virtasta fyrirtæki í mótorheiminum í dag.

BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

UMBOÐSAÐILAR: Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

Ilægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

BAKÞANKAR
Þráins Bertelssonar

Nauðsynlegar „viðbragðsáætlanir“

Nú er í mörg horn að líta hjá yfirvöldum. Meðal annars þarf að setja upp „viðbragðsáætlun“ við innrás hungraðra hvítabjarna, heimskautarefa, rostunga og jafnvel vaxtahækkana og verðbólgu í landið.

„VIÐBRAGÐSÁÆTLANIR“ felast í því hvernig „viðbragð“ sé best að taka þegar eitthvað gerist sem ekki á að gerast. Sumar „viðbragðsáætlanir“ hafa gefið afbragðsgóða raun. Til dæmis þegar glæpasamsteypur eins og „Hells Angels“ taka upp á því að senda fulltrúa sína til Íslands til að innvígja nýja fáráðlinga í selskapinn. Þá fer löggan til Keflavíkur og snýr hinum óvelkomnu gestum aftur heim til sín í sollinn.

ÞETTA sýnir að til eru skynsamlegar „viðbragðsáætlanir“ og slíkum áætlunum mætti fjölga til muna. Til dæmis mundi ekki kosta mikið að setja upp „siðferðis-viðbragðsáætlun“ fyrir stjórnvöld. Sem tæki af öll tvímæli um þau „verkferli“ sem færu af stað í hvert sinn sem einhver ráðherra eða stjórnin í heild ofbýður siðferðiskennd þjóðarinnar. „Siðferðis-viðbragðsáætlun“ gæti til dæmis fært sér í nyt venjur nágrannaþjóða um að sá ráðherra taki pokann sinn sem ofbýður siðferðisvitund almennings, til dæmis með siðlausum embættaveitingum, blautlegum hermennskudraumum í friðsömu landi eða hamslausri fíkn og misnotkun á opinberu afli og fjármunum.

ÞAR sem engin „siðferðis-viðbragðsáætlun“ er til í landinu virðast ráðherrar ekki enn þá hafa áttað sig á að taka þurfi tillit til þess að siðferðisvitund sé til meðal þjóðarinnar. Það er skiljanlegt í þeirri fjarlægð sem fjölmiðlum hefur tekist að koma á milli þeirra sem eiga og eiga ekki í þessu kalda landi. Þegar stjórnmálamenn hafa sett upp „siðferðis-viðbragðsáætlun“ fyrir sjálfa sig er kominn grundvöllur fyrir því að takast á við siðleysingja sem hafa svo gott sem eyðilagt samkennd og samstöðu þjóðarinnar og leyst upp það félagslega lím sem heldur þjóðinni saman. Svo sem hina lífshættulegu berserki í bönkum og stórfyrirtækjum sem háma í sig milljónir og milljónatugi og milljónahundruð af einskærri græðgi í stað þess að gera sér að góðu hugguleg laun og mannsæmandi líf.

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 9. júní, 162. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	3.05	13.27	23.50
Akureyri	2.02	13.12	0.25

Heimild: Almanak Háskólans

FORESTER
SYMMETRICAL AWD
SUBARU

ÖFLUG ÞJÓNUSTA UM LAND ALLT

Komdu við á einum af eftirtöldum stöðum á landinu og kynntu þér nýjan og glæsilegan Subaru Forester. Forester er frábær sportjeppi sem stendur undir væntingum við íslenskar aðstæður. Kynntu þér Forester, fáðu bækling, skoðaðu gripinn í krók og kima og prufukeyrðu.

Kortið sýnir þá staði þar sem við bjóðum upp á reynsluakstur.

Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000
Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM33772